

Tilraunastöð Háskólans í Meinafræði, Keldum,

Reykjavík

Riðuveiki í Borgarfirði eystra

eftir

Karl Skírnisson

Haustið 1980

Efnisyfirlit

	bls
Inngangur	1
Sveitarlýsing	2
Búskapur í Borgarfirði eystra	3
Hagaganga sauðfjár frá Borgarfirði eystra	5
Fóður og fóðrun	7
Fjárflutningar frá Borgarfirði eystra	9
Heykaup og heyflutningar	13
Uppruni og útbreiðsla riðuveiki í Borgarfirði eystra, N-Múlasýslu	14
Hegðan riðuveiki í einstökum hjörðum	45
Aðrar upplýsingar	50
Samandregnar niðurstöður	52
Heimildir	55
Myndir 1-4.	4 bls.
Töflur 1-4.	4 bls.
Sýnishorn af eyðublöðum,	2 bls.

Karl Skírnisson.

Riðuveiki í Borgarfirði eystra.

Inngangur.

Sú skýrsla sem hér fer á eftir var unnin á vegum Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði á Keldum.

Verkefni þetta um riðuveiki í sauðfé fjallar fyrst og fremst um upptök og útbreiðslu riðuveiki á Borgarfirði eystra. Auk þess er fjallað um nokkra málaflokka sem tengjast viðfangsefninu.

Tilgangur þessarar athugunar var margþættur. Riðuveiki varð vart á Borgarfirði eystra og Norðfirði á árinu 1969, en ekki var vitað hvernig riðuveiki hafði borist til þessara tveggja staða austanlands. Kanna átti útbreiðslu riðuveiki, þá einkum með hvaða hætti riðuveiki var talin berast milli hjarða. Einnig skyldi kannað hvernig skyldleika þeirra einstaklinga er taka riðuveiki, væri háttað. Auk áðurgreindra atriða var leitað almennra upplýsinga er tengdust riðuveiki og gætu m.a. hugsanlega varpað ljósi á breytilega hegðan riðuveiki eftir hjörðum.

Höfundur ferðaðist milli fjáreigenda á riðusvæðum á Austurlandi í nóvember og desember 1979 og safnaði upplýsingum með áðurgreind markmið í huga. Fyrst var farið um Breiðdal, Fáskrúðsfjörð og Beruneshrepp, því næst til Borgarfjarðar eystra og að endingu var ferðast um Norðfjörð og Neskaupstað. Í maí 1980 var farið um Jökulsárhlíð og Jökuldal vegna uppkomu riðuveiki á Hrafnabjörgum 3, og einnig var farið að Gilsárteigi í Eiðahreppi og frekari upplýsingum safnað um riðuveiki á Austurlandi.

Á fundi með Guðmundi Péturssyni forstöðumanni á Keldum og Páli A. Pálssyni í janúar 1980 kynnti höfundur frumniðurstöður sínar og var þá tekin ákvörðun um að takmarka að svo stöddu úrvinnslu gagna við Borgarfjörð eystra. Þá var einnig ákveðið að leggja áherslu á athugun á skyldleika riðusjúklinga í þeim hjörðum í Borgarfjarðarhreppi, þar sem færðar hafa verið nákvæmar fjárbækur. Ekki verður fjallað um síðastnefnda atriðið í þessari greinargerð.

Efni skýrslunnar er að mestu byggt á upplýsingum fjáreigenda í Borgarfirði eystra, auk nokkurra annarra aðila, en skrá er yfir heimildarmenn höfundar aftast í skýrslunni. Einnig er stuðst við bótaskýrslur yfir riðuveikar kindur, sem færðar hafa verið frá ársbyrjun 1979 fyrir Sauðfjárveikivarnir.

Skýrslan nær til atburða sem skeð höfðu fyrir miðjan maí 1980 og höfundur var kunnugt um.

Hér skal undirstrikað að stór hluti þessara upplýsinga eru hafðar eftir minni heimildarmanna minna. Í nær öllum tilfellum höfðu heimildarmenn fjárbækur til hliðsjónar, sem þeir studdust við er spurningum var svarað. Á bænum Sólbakka var stuðst við dagbók húsfreyju að hluta. Þess skal getið að fjárbækur eru yfirleitt sámilega færðar í Borgarfirði, og sums staðar mjög vel, s.s. í Hvannstóði. Hugsanlegt er að ranglega sé farið með stöku atriði, því minni manna er ekki óskekult. Reynt var eftir megni að koma í veg fyrir slíkt, m.a. með því að spyrja fleiri en einn aðila sömu spurninga. Upplýsingar voru skrifaðar, helst orðrétt, niður eftir viðmælendum mínum. Ef rangfærslur í þessari skýrslu koma í ljós, ber þegar í stað að leiðrétta þær.

Fjölmarginir aðstoðuðu höfund við verk þetta og skulu þeim færðar bestu þakkir fyrir. Sérstaklega vil ég þakka Jóni Sveinssyni í Hvannstóði margháttaða hjálp, en hann las frumhandrit skýrslunnar og benti á margt sem fært var til betri vegar.

Borgarfjörður-eystra. Sveitarlýsing.

Í bókinni Sveitir og Jarðir í Múlapingi, 2. bindi, er Borgarfirði eystra lýst. Þar segir:

"Borgarfjörður er stuttur, en allbreiður. Í suður frá botni fjarðarins liggur um 8 km langt undirlendi, allbreitt, og er það kjörið til ræktunar. Skiptast á víðáttumiklar mömýrar, sem munu vera meiri hluti landsins, og vallendismóar, allt hið ákjósanlegasta ræktunarland. Fjarðará fellur um undirlendið, en í hana falla þverárnar Hrafná, Þverá, Gilsá og Jökulsá.

Norðvestan við Borgarfjörð er Njarðvík, allbreið og 2-3 km að lengd."

Á milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar eru svonefndar Víkur, sem eru Brúnavík, Hvalvík, Kjólsvík, Breiðavík, Litlavík, Herjólfsvík, Húsavík og Álftavík. Allir þessir staðir hafa verið byggðir á þessari öld nema Herjólfsvík. Hvergi er búið í Víkum nú, en þar eru notaðar ásamt Loðmundarfirði sem afréttarlönd Borgfirðinga.

Búskapur í Borgarfirði eystra.

Sú búgrein sem er svo til einráð í Borgarfirði eystra er sauðfjárþúskapur. Kúabúskapur er mjög lítill og eingöngu til heimanota, en mjólk er ekki seld til vinnslu í Borgarfjarðarhreppi. Auk sauðfjár- og kúabúskapar eru nokkrir aðilar með hesta og alifugla. Engar geitur eru nú í Borgarfirði, og hafa ekki verið síðan búskap var hætt á Hólalandi 1971.

Margir aðilar í Bakkagerðisþorpi stunda smábúskap samhliða annari vinnu, en meirihluti þeirra sem við búskap starfa hafa búskap að aðalatvinnu, þótt viðkomandi stundi daglaunavinnu ákveðna tíma ársins, s.s. vinnu í sláturhúsi á haustin og fiskvinnslu og fleira tilfallandi að vetri eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

Í meðfylgjandi töflu (Tafla 1), sem unnin er upp úr fôðurbirgðaskýrslum fyrir tvo síðustu vetur, þ.e. 1978/1979 og 1979/1980 er getið þeirra heimila í Borgarfjarðarhreppi sem búskapur var rekinn á. Alls voru á fôðurbirgðaskýrslum skráðir 36 eigendur búfjár á 32 heimilum 1978, en 1979 telja 29 eigendur fram búfé á 28 heimilum. Hætt var búskap haustið 1979 í Hátúni, Hólalandi (2 eigendur), Brautarholti og Sólheimum.

Allir aðilar sem fôðurbirgðaskýrslur voru teknar af eiga sauðfé ef undan eru skyldir 2 aðilar sem einungis eiga hross (Tafla 1). Fé sem sett var á vetur 1979/1980, fækkaði um 20% milli ára: 1978 voru 5644 kindur settar á vetur en 1979 fimmtungi minna eða 4494 kindur. Víða annars staðar fækkaði fé einnig.

Mjólkurkýr voru taldar fram af 11 aðilum 1979. Víðast er ein mjólkandi kýr nema á Borg, Grund 2 og Desjamýri þar sem

tveggja mjólkandi kúa er getið. Haustið 1978 var getið alls 24 nautgripa en árið eftir hafði þeim fækkað um 3, og kúa ekki getið á Hólalandi og Árbæ.

Hestar í Borgarfjarðahreppi voru samkvæmt fôðurbirgðaskýrslum 75 að tölu haustið 1978 í eigu 17 aðila en 1979 var getið 70 hesta í eigu 16 aðila.

Hænsni eru á nokkrum bæjum og eru þau víðar en Tafla 1 getur um, en aliendur voru skráðar hjá nokkrum aðilum bæði árin.

Hefur nú verið rakið í grófum dráttum hvaða búskapur er stundaður í Borgarfjarðahreppi tvö síðustu ár. Aðalbúgrein í hreppnum hefur til langs tíma verið sauðfjárbúskapur.

Borgfirðingar hafa af ýmsum þótt eiga gott fé og verður í fáeinum orðum dregið á nokkur atriði sem snerta fjárbúskap í Borgarfirði á síðustu árum. (Heimild Sveitir og Jarðir í Múlaþingi, 2. og 4. bindi). Sauðfjárræktarfélag Borgfirðinga var stofnað haustið 1953. Urðu Borgfirðingar, ásamt Breiðdælingum fyrstir til að stofna sauðfjárræktarfélag innan Búnaðarsambands Austurlands. Haustið eftir voru 11 ný sauðfjárræktarfélag stofnuð innan B.S.A. Flest urðu þau árið 1959, þá 19 að tölu. Árið 1972 voru aðeins 8 sauðfjárræktarfélag starfandi og höfðu einungis 4 þeirra starfað óslitið frá upphafi og þeirra á meðal var Sf. Borgarfjarðar.

Árið 1957 voru Borgfirðingar í öðru sæti hvað afurðasemi sauðfjár snerti, og komu þeir á eftir Sf. Vopnfirðinga við samanburð allra félaganna innan B.S.A. Sama var upp á teningnum 1972. Fleiri atriði má nefna til stuðnings þeirri skoðun að Borgfirðingar hafi átt gott fé.

Árið 1956 hófst á Skriðuklaustri svonefnd stofnatilraun, sem skyldi skera úr um kynbótagildi Þistilfjarðarfjár á Austurlandi, en mikið var flutt af hrútum úr Þistilfirði suður um Austfirði á þeim árum. Keyptar voru 12 gimbrar frá Holti og Laxárdal í Þistilfirði en þaðan hafði mest verið keypt af hrútum. Auk þess voru fengnir 4 jafnstórir gimbrahópar frá Efra-Dal, Borgarfirði eystra, Álftafirði og einn hópur var frá Skriðuklaustri. Voru bornir saman talsvert sérstæðir fjárstofnar í þessari tilraun, og fylgst var með þessum 60 kindum næstu ár, og tveim árum síðar (1958) var bætt við jafnmörgum gimbrum frá

áðurnefndum stöðum. Niðurstaða tilraunarinnar var sú að afurðamesti hópurinn var úr Borgarfirði. Niðurstaðan varð þess valdandi að mikið tók fyrir kaup á hrútum úr Þistilfirði.

Þessar niðurstöður hafa líklega stuðlað að auknum fjársölum frá Borgarfirði og þá sérstaklega hrútasölum, og voru seldir hrútar úr Borgarfirði allt fram til haustsins 1973 er Jón Pétursson héraðsdýralæknir tók fyrir alla fjárflutninga og hrútasölur frá Borgarfirði út fyrir hreppinn, vegna riðuveiki sem sama ár var fyrst staðfest í Borgarfirði. Innan hrepps áttu hrútasölur sér stað sem og fjárflutningar sem tvímælalaust urðu til að auka mjög útbreiðslu riðuveiki í sauðfé, en sérstaklega verður fjallað um þann þátt hér síðar.

Hagaganga sauðfjár frá Borgarfirði eystra.

Leitað var upplýsinga meðal heimamanna um hvar fé frá hverjum bæ í Borgarfirði gengi í sumarhögum og við hvaða fé samgangur væri mestur, þá einkum á haustin, en samgangur hjarða mun vera lítill aðra tíma árs.

Vetrararbeit hefur fram á síðustu ár verið notuð bæði inn til landsins og fjörubeit við sjávarsíðuna.

Sumarhögum sauðfjár í Borgarfirði má skipta í fjögur svæði: 1) Njarðvík og fjallendi upp af Njarðvík 2) Borgarfjörð og fjallendið upp af Borgarfirði 3) Víkur, en þar hafa ýmsir aðilar tiltölulega afmörkuð upprekstrarlönd 4) Loðmundarfjörð. Auk þess kemur fé í nokkrum tilfellum að utan Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðar.

Það skal tekið fram að sé fé sleppt á afmarkað svæði að vori getur það dreifst víða. Mest af fénu heldur sig þó oftast á svipuðum slóðum og sleppt var á. Óþarft mun að lýsa fastheldni einstakra kinda við sömu sumarahaga ár eftir ár. Kindur hafa ennfremur hneigð til að ganga á sömu stöðum og mæður þeirra.

Í stórum dráttum skal getið hvar sumarahagar einstakra hjarða eru, en það skal undirstrikað að fé frá einstökum bæjum kemur að á flestum öðrum bæjum í hreppnum. Tilfellum fækkar þó að öðru jöfnu eftir því sem fjarlægð milli bæja eykst.

Á uppdrætti af Borgarfjarðarhreppi og Loðmundarfirði (1. mynd)

eru sýnd nokkur örnefni sem gott er að hafa við hendina í eftirfarandi upptalningu.

- 1) Í Njarðvík (1. mynd) gengur fé frá Borg og um 50 kindur frá Höfn. Þangað sækir einnig fé frá Snotrunessbæjunum og Framnesi en Framnessféð var flutt þangað fram til 1978. Njarðvík er nokkuð einangruð innan hreppsins af Njarðvíkurskriðum.
- 2) Í Borgarfirði gengur hluti fjár frá öllum bæjum heimavið.
- 3) Í Brúnavík er fé frá Hofströnd, Ósi, Hátúni, Merki og Sólbakka. Í Kjólsvík er mest um fé frá Svalbarði, í Breiðuvík frá Jökulsá Hofströnd, Hól, Framnesi, Ósi, Svalbarði og Geitavík (áður fyrr). Í Húsavík er fé frá Hvannstóði, Hól, Hóllalandi, Svalbarði og Geitavík.
- 4) Í Loðmundarfirði gengur fé frá Hvannstóði og Grund 1 og 2. Fé frá Snotrunesi 1 og Framnesi hefur og verið rekið á Loðmundarfjörð á seinni árum, sem og túnrollur víða að úr Borgarfirði.

Langflestir fjáreigendur fá kindur að í Loðmundarfirði hvert haust, alls um 1000 fjár. Í Loðmundarfirði er smalað á þrjár réttir.

a) Stakkahlíðarrétt (1. mynd), en þar kemur fé sem gengur við norðanverðan Loðmundarfjörð utan við Norðdalsá. Þetta er mest fé frá Borgarfirði en um 400 fjár ofan af Héraði kemur á Stakkahlíðarrétt og er það dregið frá Borgarfjarðarfé þar. Í mörg ár hefur riðuveiku fé úr Borgarfirði verið lógað þarna við réttina. Fé sem á annars staðar að en í Borgarfirði, er mest frá Gilsárteigi og Hjartarstöðum, Eiðahreppi, og oft 50-60 kindur úr Hjaltastaðahreppi, frá mörgum bæjum, líklega þó einna mest frá Dölum.

b) Klyppstaðarétt er við Norðurdalsá (1. mynd). Þar kemur mest af Héraðsfé, en 20-50 kindur úr Borgarfirði á hverju hausti.

c) Sunnan Fjarðarár er Sævarendarétt og þar er svo til eingöngu fé af Héraði og úr Seyðisfirði. Þar koma á haustin u.þ.b. 20-30 kindur úr Borgarfirði.

Alls er farið með um 2000 fjár ofan af Héraði upp úr Loðmundarfirði á haustin. Borgarfjarðarfé úr Loðmundarfirði og Húsavík er rekið að Hvannstóði, þar sem því er réttað. Göngur hefjast

15.-20. september og fyrst er smalað í Loðmundarfirði, síðan Húsavík, því næst í Breiðuvík og Brúnavík. Búið er að smala Loðmundarfjörð og Víkur um 25. september. Þá eru heimalönd og Njarðvík gengin. Önnur ganga hefst fyrst í október. Réttuð er á 4 réttum í Borgarfirði. Lögréttin er á Brandsbala, en þangað eru óskil rekin frá réttunum í Njarðvík, Hvannstóði og á Hrafnártaunga, sem er gegnt lögréttinni en sunnan Fjarðarár).

Fé Borgfirðinga sem kemur að utan Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðar, er að öllu jöfnu flutt til Borgarfjarðar. Slæðingur af fé kemur úr Hjaltastaðapinghá og Eiðapinghá, en sjaldnar lengra að. Dæmi um að kindur hafi flakkað langar vegalengdir frá hefðbundnum sumarhögum eru fróðleg og skulu nokkur þeirra tilfærð hér:

Grund: Fé frá Grund 2 hefur misdregist upp á Hérað í Loðmundarfirði. Lömbum hefur verið slátrað en fullorðið fé sent niður í Borgarfjörð með óskilum.

Sólbakki: Fé kemur stundum að úr Hjaltastaðahreppi (úr réttinni við Selfljót).

Hvannstóð: Alltaf 1-3 kindur á hausti úr Hjaltastaðapinghá, 2 komu haustið 1979 að á Seyðisfirði. Haustið 1979 var ær með 2 lömbum lögð á Fossvöllum í Jökulsárhlíð. Haustið 1975 kom ær með 2 gimbrar úr Mjóafirði. Lömbin voru seld að Gilsárteigi í Eiðapinghá, - Önnur fór úr riðu þar í desember 1979. Haustið 1968 kom ær að í Breiðdal, sem áður gekk í Borgarfirði. Haustið eftir kom Önnur ær að í Breiðdal, sem gengið hafði í Loðmundarfirði. Haustið 1962 kom 10 v. ær sem var heimalningur, að í Skriðdal og hafði þar til alltaf gengið í túni í Hvannstóði. Árið 1967 kom 11 v. ær, hálfblind, að í Blöndugerði í Hróarstungu.

Fé sem kemur að í Seyðisfirði gengur rétta boðleið upp á Hérað og kemur þaðan með öðrum óskilum niður til Borgarfjarðar.

Geitavík 2: Ein og ein ær kemur ofan af Héraði. Fyrir um 20 árum kom kind að í Seyðisfirði.

Svalbarð: 1 gimbur kom 1969 að í Seyðisfirði og veturgömul kind kom ofan af Héraði haustið 1979.

Höfn: Fáeinar kindur hafa komið ofan af Héraði.

Geitavík 1: Haustið 1977 kom ær að í Hólshjáleigu í Hjaltastaðahreppi.

Framnes: Fé kemur á hverju hausti úr Hjaltastaðabínghá.

Um 1967 kom veturgömul kind að úr Skriðdal.

Ós: Ein og ein kind kemur ofan af Héraði.

Hóll: 1969 kom kind að í Reyðarfirði, en henni var sleppt í Loðmundarfirði, sem og fleiru fé frá Hól, Hvannstöði og Hólalandi, sem var fôðrað veturinn 1968-1969 í Stakkahlíð í Loðmundarfirði. Eigendur heyjuðu tún á bænum vegna kal-skemmda í túnunum heima fyrir.

Desjamýri: Fær fé úr Hjaltastaðabínghá, (oftast 2 ær á hausti síðustu ár). Fyrir um 10 árum kom kind að í Mjóafirði.

Eftir þessum upplýsingum um fjárheimtur utan Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðar var teiknuð skematísk mynd (2. mynd) sem sýnir í hvaða hreppum kindur hafa heimtst. Ártöl eru merkt við örvarnar og tákna þær einstakar flökkukindur. Örvarnar í hreppana þrjá sem liggja að Borgarfjarðar- og Loðmundarfjarðarhreppum, þ.e. Hjaltastaða-, Eiða- og Seyðisfjarðarhrepp eru án ártala, enda árvisst að fé heimtist í þessum hreppum. Minnst er um fjárheimtur á Seyðisfirði en mest í Hjaltastaðahreppi. Við athugun á 2. mynd vekur athygli að þau tilfelli sem kindur hafa flakkað lengst eru nær öll á seinni helming sjöunda áratugsins. Leiðir það hugann að því hvort samband sé milli harðindaára og flökkuhneigðar sauðfjár.

Haustið 1979 var lógað á með 2 lömbum á Fossvöllum í Jökulsárhlíð. Hvað skyldi hafa valdið því að kindin lenti þarna, en þess má geta að á leiðinni eru náttúrulegar hindranir, (Lagarfljót og Jökulsá á Dal).

Að lokum skal þess getið að samgangur sauðfjár að hausti er nokkur meðan á smölun og réttum stendur. Kemur þá mestur hluti fjár Borgfirðinga saman í rétt.

Misjafnt er hvar fé er að haustinu eftir aðra göngu, en algengast er að fé sé haft heima við, eða það stutt frá að fljótlegt sé að ná því saman ef gerir hret.

Fóður og fóðrun.

Það kjarnfóður sem Borgfirðingar hafa notað hefur verið

keypt hjá Kaupfélagi Héraðsbúa, og hefur því verið ekið frá Reyðarfirði, þar sem því er skipað upp, til Borgarfjarðar eystra. Í einhverjum mæli hefur fiskimjöl, sem framleitt er í Fiskimjölsverksmiðjunni á Borgarfirði, verið gefið búfé. Mest allt kjarnfóður er innflutt í hreppinn og af erlendum uppruna. Graskögglar hafa hin síðari ár verið keyptir frá Flatey í Austur-Skaftafellssýslu. Sauðfé er aðallega fóðrað á þurrheyi í hreppnum, en nokkrir aðilar hafa þó fóðrað að hluta til með votheyi og virðist af viðtölum við bændur sem að votheysverkun sé heldur að færast í aukana innan hreppsins. Í Geitavík 2 var fé fóðrað með votheyi að miklu leyti þar til fyrir tveim árum. Almennt má segja að lítið er gert úr votheysveiki, (sjúkdómsvaldur Listeria monocytogenis). Kannast bændur við þessa veiki, sem raunar var af ýmsum þar eystra nefnd riða, áður en hin eiginlega riðuveiki barst til Austurlands. Tjón af völdum votheysveiki hefur þó verið viðloðandi á flestum bæjum í Borgarfirði og jafnvel borið á henni eftir að fé hafði étið grænt þurrhey, sem líklega hefur verið lyskrótt.

Aflað var upplýsinga um hvort bændur gæfu fé lýsi, steinefni, matarsalt eða vítamín. Svörin voru í grófum dráttum á þá leið að gefið væri lýsi hjá flestum, en lýsisgjöf væri stopul og áraskipti á því hvort það væri gefið. Nokkrir aðilar gefa ekki lýsi. Hvað steinefnagjöf snertir má segja að mest allt fé í Borgarfirði hafi óreglulegan aðgang að matarsalti að vetrinum oft þó aðeins seinni part vetrar. Tæplega helmingur bænda sem spurðir voru veita fé reglulega aðgang að matarsalti en þess ber að geta að nokkuð af fé hefur aðgang að fjörubeit á veturna. Nokkrir gefa Stewart salt. Sumir gefa saltsteina (mest matarsalt).

Nær engir gefa vítamín, aðeins er til að gamalær séu sprautaðar (Gilsárvöllur 3) og gemlingar (Ós). Í Odda og Geitavík 1 mun fé sprautað af og til með vítamíni.

Fjárflutningar frá Borgarfirði eystra.

Töluverðar fjársölur hafa átt sér stað frá Borgarfirði bæði út fyrir hreppinn og innan hreppsins. Mest er um hrútasölur,

en einnig hafa fjárhópar verið seldir og fluttir frá Borgarfirði.

Innan hreppsins hefur sauðfé verið flutt milli hjarða, einkum þó í tilvikum þegar einstaklingar hefja eða hætta búskap. Í kaflanum um útbreiðslu riðuveiki innan Borgarfjarðarhrepps er þessara fjárflutninga getið, hafi þeir leitt af sér riðuveiki, og verður ekki fjölyrt hér um sölur innan hreppsins heldur vísað til umrædds kafla. Fjárflutningar út fyrir hreppinn hafa verið nokkrir, en frá og með hausti 1973 var tekið fyrir alla fjárflutninga að beiðni héraðsdýralæknis. Nokkur frávik frá þessu eru þó þekkt.

Á eftirtöldum bæjum er ekki getið um fjársölur út fyrir hreppinn á árunum 1970-1980: Sölbakka, Höfn, Geitavík 1, Ósi, Desjamýri og Hátúni.

Frá nokkrum bæjum hafa hrútar verið seldir síðasta áratug, en áður en riðu varð vart á viðkomandi bæjum. Svo var farið á Svalbarði, en 1972 var hrútur seldur þaðan að Húsey í Hróarstungu, og 1973 var 6 vetra hrútur seldur á héraðssýningu á Egilsstöðum, að Hafrafelli í Fellum. Þessi hrútur var drepinn skömmu síðar að ósk héraðsdýralæknis. Sama sinn var seldur hrútur frá Hól að Höfða á Völlum. Honum var skilað 2 dögum síðar. Haustið 1973 voru nokkur lömb seld frá Hól að Gilsárteigi í Eiðahreppi.

Fyrir 1972 var seldur hrútur frá Framnesi að Giljum, Jökuldal. Sá var á lífi haustið 1979. Haustið 1970 var lambhrútur seldur frá Hvannstöði, að Hallbjarnarstöðum í Skriðdal, og annar 1972 að Dvergasteini, Seyðisfirði.

Frá nokkrum bæjum hefur fé verið selt eftir að riðuveiki var komin í a.m.k. hluta viðkomandi hjarða:

Haustið 1972 var seldur hrútur frá Grund 2 til Hornafjarðar, fyrir milligöngu Ingvars heitins Ingvarssonar á Desjamýri. Þessi hrútur var af heimafé á Grund sem ekki fór úr riðu fyrr en eftir 1976. Einnig var seldur hrútur frá Grund 2 haustið 1969 að Höskuldsstaðaseli í Breiðdal og varð sá 3ja vetra. Frá Odda var seldur hrútur "upp á Hérað" líklega 1972, en honum var lógað og öllu undan honum eftir að riða var staðfest í Odda 1973. Haustið 1975 voru 2 gimbrar frá Hvannstöði seldar að Gilsárteigi í Eiðahreppi. Önnur þessi kind fór úr riðuveiki í desember 1979,

(4v. 7m.) og var fyrsta kind sem fór úr riðu í Eiðahreppi, sem vitað er um.

Langsamlega mest er um að hrútar hafi verið seldir frá Geitavík 2, enda óhætt að fullyrða að fé þar á bæ hafi verið öðru fé eftirsóttara til undaneldis, bæði vegna afurðasemi og litar. Til var í Geitavík 2 grár hrútur, sem oftlega verður nefndur á nafn hér aftar, að nafni Brandur (lifði 1963-1971). Mjög var síst eftir hrútum undan Brandi af aðilum bæði innan hrepps og utan. Í Borgarfjarðarhreppi voru til undan Brandi hrútur(ar) á vel flestum bæjum.

Eftirfarandi skrá var gerð yfir sölur frá Geitavík 2 út fyrir hreppinn, en í upphafi skal þess getið að ekki er vitað til að riðuveiki hafi borist með hrútum þessum enda mest um sölur þessar áður en riðu varð vart.

Um 1970 voru 3 hrútar seldir, einn til Jóns Guðmundssonar, Neskaupstað, annar að Víðivöllum, Fljótsdal og sá þriðji að Hallbjarnarstöðum, Skriðdal. Haustið 1972 voru tveir hrútar seldir, annar fór að Ormsstöðum eða Snæhvammi í Breiðdal, hinn hét Nökkvi og fór að Felli í Breiðdal. Einar Árnason, Felli og Þórður Sigurjónsson í Snæhvammi sóttu þessa hrúta. Þessir hrútar voru báðir undan Brandi. Um 1972 var seldur hrútur að Hnaukum, Álftafirði. Haustið 1973 voru 4 lambhrútar seldir frá Geitavík 2. Tvo þeirra keypti Fjárræktarfélag Hlíðarhrepps í Jökulsárhlíð, og var þeim lógað haustið eftir að beiðni héraðs-dýralæknis. Tveir í viðbót fóru 1973, báðir í Hjaltastaðahrepp, annar að Laufási, hinn að Rauðholti. Haustið 1974 voru 2 hrútar seldir í Hróarstungu, annar fór að Húsey og hinn að Stóra-Bakka.

Geitur voru til í Borgarfjarðarhreppi fram til 1971 þar til Friðjón Árnason, Hólalandi hætti að búa en ekki eftir það. Geitur voru einnig á Hól fram undir 1970. Á fóðurbirgðaskýrslu fyrir árið 1969-1970 voru 6 geitur taldar fram á Hólalandi. Geitur þessar dreifðust eitthvað, m.a. fór hafur með Einari Árnasyni í Felli haustið 1969, suður á Berufjarðarströnd. Ólíklegt verður að telja að geiturnar geti hafa smitast af riðuveiki nema hugsanlega hafurinn sem fluttur var 1969 suður á Berufjarðarströnd, um leið og fé frá Gilsárvöllum 1, eins og nánar verður getið um hér aftar, en ekkert hefur komið fram, sem bendir til þess.

Aðrir fjárflutningar en þeir sem hér hafa verið raktir, eru sem hér segir:

Fé var flutt í tvígang að Felli í Breiðdal, fyrst haustið 1969, síðan 1971, um 20 kindur 1969 en 52 haustið 1971. Nánar er vikið að þessum flutningum hér aftar í kaflanum um útbreiðslu riðuveiki, en fé þetta var frá Gilsárvöllum 1 og Hólalandi. Haustið 1971 seldi Sigurður Árnason, Hólalandi 20 veturgamlar ær að Gilsárteigi, Eiðahreppi.

Að lokum skal í örstuttu máli vikið að því hvernig riðuveiki gæti hafa borist með fóðrafé út fyrir Borgarfjarðarhrepp:

Sem kunnugt er var allt fé í Grænuhlíð í Hjaltastaðapinghá skorið vegna riðuveiki sem fyrst var staðfest í hjörðinni sumarið 1979. Víkur nú sögunni til Borgarfjarðar, en Þorbjörn Björnsson í Geitavík 2 vantaði veturgamla kind haustið 1974, sem kom haustið eftir ofan frá Grænuhlíð til Geitavíkur 2. Hafði ærin verið fóðruð veturinn 1974/1975 í Grænuhlíð, en bóndi hafði fengið ána frá Gagnstöð haustið áður með fé er hann keypti þaðan. Haustið 1974 hóf Jón Þórðarson í Grænuhlíð búskap. Umrædd ær fannst dauð haustið 1976, en hún var grunuð um riðu vorið 1976, er henni var sleppt og sást svo greinilega riðuveik síðla sumars í haga. Hugsanlega má álíta, að Geitavíkurærin hafi smitað féð í Grænuhlíð.

Má hér benda á hættuna sem er samfara kaupum á sauðfé víða að, sem er algengt þegar menn hefja búskap. Fé er oft með fjölda marka sem erfitt getur verið að átta sig á. Riðumiðlar geta hæglega leynst í tilfellum sem þessum.

Nokkur dæmi um svipað og hér var rakið eru þekkt á Borgarfirði þótt ekki sé hægt að rekja útbreiðsluaukningu riðu til þeirra tilfella, sem lauslega skal dregið á:

a) Ær frá Geitavík 1 fannst á Bárðarstaðadal í Loðmundarfirði um áramót 1975/1976, var fóðruð fram á vor á Dvergasteini í Seyðisfirði. Þessari á var lógað vegna riðuveiki í mars 1979.

b) Kind frá Gilsárvöllum 2 var fóðruð á Sandbrekku í Hjaltastaðapinghá, líklega veturinn 1974/1975. Þessi kind kom seint að með tvo ómerkinga, sem lógað var á Reyðarfirði.

c) Í janúar 1975 fundust 2 lömb í Loðmundarfirði, hrútur frá Hjartarstöðum í Eiðapinghá og gimbur frá Gilsárteigi í

Eiðapínghá, og voru lömbin fóðruð fram á vor 1975 í Hvannstöði. Hrútnum var lógað veturgömlum en gimbrinni tvæveturri, en hún var geld tvævetur. Áður er getið um fyrstu ána sem fór úr riðu í Gilsárteigi í desember 1979, en hún var fædd 1975 í Hvannstöði.

Heykaup og heyflutningar.

Margir hafa hugleitt hvort riðuveiki geti borist milli svæða með heyflutningum. Var því reynt að kanna hvor heyflutningar hefðu átt sér stað til Norðfjarðar og Borgarfjarðar eystra á árunum áður en riðuveiki varð vart á þessum stöðum.

Á árunum 1949-1951 voru mikil harðindi á Austurlandi og heyfengur lítill (Sveitir og Jarðir í Múlaþingi 4: 125-127). Veturinn 1948/1949 voru 80 tn. af heyi flutt til Austurlands og norðanverðra Vestfjarða fyrir milligöngu Páls Zóphaniassonar (Búnaðarritið 64: 279), veturinn 1950/1951 voru fluttir um 10.000 hestar af heyi í Múlasýslu (Búnaðarritið 65: 179).

Mikið kal var í túnnum á Austurlandi á árunum 1965-1970 og hafði Búnaðarsamband Austurlands veruleg afskipti af útvegum heyja úr öðrum landshlutum, bæði af Norður- og Suðurlandi (Sveitir og Jarðir 4: 159). Árin 1969 og 1970 var fyrst og fremst um tilfærslu að ræða á heyi innan sambandssvæðis BSA (Sveitir og Jarðir 4: 160). Í Búnaðarritinu er heykaupa til Austurlands getið á þessum árum:

"Haustið 1965 voru flutt til Austurlands, frá þremur landshlutum á fjórða þúsund tonn af heyi fyrir tilstilli nefndar sem skyldi stuðla að framkvæmdum við útvegum fóðurs til Austurlands (Búnaðarritið 80: 140-144). Á vordögum 1965 þurfti að senda hey frá öðrum landshlutum á vissa staði austanlands" (Búnaðarritið 79: 115-118). "Veturinn 1967/1968 var einn mesti harðinda-vetur sem aldnir menn muna. Varð fóðurs vant síðla veturs einkum á Norðaustur- og Austurlandi. Var því bjargað með innfluttu kjarnfóðri" (Búnaðarritið 82: 125-126).

Af þessum tilvitnunum í Búnaðarritið og bókina Sveitir og Jarðir í Múlaþingi (4. bindi), er ljóst að miklir heyflutningar áttu sér stað á árunum 1965-1970 fyrir milligöngu opinberra aðila, en auk þess notuðu ýmsir persónuleg sambönd sín til

útvegúnar á heyi.

Þær upplýsingar sem liggja fyrir um heyflutninga til Borgarfjarðar eru að árið 1969 seldi Sigurjón bóndi á Syðra Hvarfi í Svarfaðardal hey til Borgarfjarðar og Norðfjarðar. Í Borgarfirði fengu heimilin í Odda og Sólbakka af þessu heyi. Ekki er riða á Syðra Hvarfi. Árið 1969 seldi einnig Sveinn Friðbjörnsson Efstakoti, Svarfaðardal hey til Raufarhafnar, og mun riðuveiki vera í Efstakoti. Hjörtur Þórarinnsson á Tjörn í Svarfaðardal veitti þessar upplýsingar að hluta, en hann var beðinn um að kanna heysölur úr Svarfaðardal á árunum 1965-1970. Hann taldi þetta einu flutninga á heyi austur á land úr Svarfaðardal á árunum 1965-1970, en talaði um mikla heyflutninga úr Svarfaðardal vestur á Strandir. Ekki virðist riðuveiki hafa borist með þeim heyflutningum því riðuveiki mun ekki þekkt á Ströndum. Í framhaldi af þessu má geta þess að sú kind sem fyrst verður vart við riðuveiki í á Borgarfirði eystra var fædd 1967, og vart varð riðuveiki í henni haustið 1969, þannig að hún smitast áður en þessir flutningar eiga sér stað.

Uppruni og útbreiðsla riðuveiki í Borgarfirði eystra, N.-Múlasýslu.

Könnuð voru fyrstu tilfelli riðuveiki í sauðfé hjá eigendum sauðfjár í Borgarfirði. Aflað var upplýsinga á sérstakt eyðublað um fyrstu einstaklinga, sem vitað var að hefðu fengið riðuveiki í hverri hjörð. Þar var getið um nafn kindar, númer, fæðingar ár, aldur þegar riðueinkenna varð vart, aldurs við förgun eða dauða, litar og hornafars, ættar, uppruna og ferils kindar milli eigenda, dvalarstaða, og hvernig kindin var talin hafa smitast, skyldleika við riðusjúkt fé o.fl. (Sjá eyðublað aftast). Eins og við mátti búast lágu upplýsingar sem þessar ekki alltaf á lausu. Eftirtektarsemi fjármanna skiptir miklu um hversu góðar upplýsingar fást um fyrstu tilfellin.

Riðuveiki var fyrst staðfest í Borgarfirði veturinn 1973. Eftir að einkenni riðuveiki urðu þekkt meðal heimamanna fara riðuveikar kindur varla fram hjá þeim, sem hirða um sauðfé nema þá í sumarhögum. Upplýsingar um riðuveiki fyrir 1973 eru að nokkru leyti upprifjun á atburðum sem gerst höfðu árin þar á

undan, en eftir 1973 vissu menn hvað var á ferðinni og skoðanir t.d. um smitleiðir mótuðust nokkuð jafnóðum og ný tilfelli komu fram. Mikil umræða um riðuveiki innan hreppsins olli því að fyrstu upptök riðu í hverjum fjárhóp eru flestum kunn og samhljóða frásagnir margra viðmælenda um einstök atriði renna stoðum undir að rétt sé með farið. Mikil umræða um ákveðið málefni kallar á aukna gagnrýni, sem eykur líkurnar á að rétt sé farið með staðreyndir.

Hér á eftir verður fjallað um uppruna riðuveiki í Borgarfirði eystra og síðan rakin útbreiðsla riðuveiki og reynt að skýra smitleiðir milli hjarða eftir því sem þekkt er. Riðuveiki varð fyrst vart haustið 1969 og vorið 1980 hefur hennar orðið vart í alls 30 aðskildum hjörðum. Útbreiðslan hefur verið mjög jöfn, og riðuveiki verið staðfest í 2-4 nýjum hjörðum á ári síðastliðin 10 ár (3. mynd).

3. mynd sýnir skematískt yfirlit um smitferil riðuveiki milli þeirra hjarða sem hér á eftir verður rætt um. Algengast er að smitleiðin sé rakin til smitaðra aðfenginnakinda, sem fyrstar fá riðuveiki á bænum og smita viðkomandi hjörð. Óvissa ríkir um smitleiðir riðuveiki í nokkrar hjarðir og óþekkt er um orsakir smitunar nokkurra hjarða. Að öðru leyti er 3. mynd skýrð út í texta hér á eftir.

Upptök riðuveiki á Borgarfirði eystra eru rakin að Gilsárvöllum 1. Er það almennt skoðun Borgfirðinga, ef undan er skilinn Björn Jónsson, Gilsárvöllum 3. Á Gilsárvöllum 1 bjuggu hjónin Þorleifur Jónsson og Guðbjörg Ásgrímsdóttir, sem nú eru bæði látin, Þorleifur lést 1972 en Guðbjörg 1974. Þess skal getið hér að riðuveiki varð vart um svipað leyti í Neðra-Miðbæ í Norðfjarðarhreppi eða vorið 1969, að sögn Jónu Sigurgeirsdóttur, Neðra-Miðbæ. Maður Jónu, Skúli Jónsson er mállaus af völdum heilablæðingar og upplýsingar um hjörðina í Neðra-Miðbæ litlar á þeim árum er hún smitaðist. Ekki hefur verið hægt að sýna fram á neinn samgang eða tengsl milli fjár á þessum bæjum, né heldur fjárflutninga milli hreppanna á þeim árum er

smit gæti hafa orðið. Virðist því sem riðusmit eigi sér stað í tveimur aðskildum hjörðum á Austurlandi um svipað leyti. Eins og áður er skýrt frá hagar aðstæðum svo til að upplýsingar um umræddar tvær hjarðir frá fjármönnunum sjálfum eru ekki fáanlegar. Það sem hér fer á eftir er því mest haft eftir öðrum heimildum. Víkjum nú aftur til Borgarfjarðar.

Þorleifur Jónsson og Guðbjörg Ásgrímsdóttir bjuggu frá 1942-1972 á Gilsárvöllum 1. Haustið 1968 veiktist Þorleifur Jónsson og dreifðist fé hans á eftirtalda 4 staði:

a) Guðlaugur Björgvinsson og Laufey Jónsdóttir í Odda, sem átt höfðu fé sitt hjá Þorleifi Jónssyni er fóðraði féð og hirti, tóku fé sitt, 21 ær og lambhrút, og fluttu út að Odda. Féð var flutt á Þorláksmessu 1968.

b) Jón Sigurðsson á Sólbakka tók 22 hvítar ær á fóður fyrir Þorleif Jónsson haustið 1968.

c) Ásgeir Arngrímsson á Svalbarði tók mislitar ær, alls um 20 talsins á fóður fyrir Þorleif Jónsson haustið 1968.

d) Sigurður Árnason Hólalandi keypti 20 ær af Þorleifi Jónssyni haustið 1968, og eftir að Þorleifur veiktist tók Sigurður Árnason 20 ær á fóður fyrir Þorleif. Síðarnefndu ærnar voru eign barna Einars Árnasonar og Guðrúnar dóttur Þorleifs Jónssonar, sem þá voru (og eru) búsett á Felli í Breiðdal. Þessar ær voru fluttar haustið 1969 að Felli. Sigurður hafði heimili á Hólalandi en fé sitt hafði hann á Hólalandshjáleigu og þar fóðraði hann fé sitt og þessar 40 kindur úr hjörð Þorleifs fram í febrúar/mars 1969. Var þá hluti hjarðarinnar fluttur að Gilsárvöllum 1 og fóðraður þar og hey Þorleifs notuð seinni part vetrarins en síðar flutt til baka í fjárhúsin á Hólalands-hjáleigu.

Hér hafa verið nefndar 4 hjarðir sem hjörð Þorleifs Jónssonar dreifðist til. Eins og síðar kemur í ljós er riðusmit í þessum hjörðum rakið til samvistar með fénu frá Gilsárvöllum 1.

Fyrsta kind sem vitað er um í Borgarfirði að fékk riðuveiki var fædd á Gilsárvöllum 1 vorið 1967, en hún var eign Guðlaugs Björgvinssonar og var flutt út að Odda eins og áður er getið. Vart varð riðuveiki í ánni haustið 1969, þá á 3ja vetri svo líklega hefur hún smitast 1967.

Um uppruna riðusmits í Borgarfirði eystra er ekkert þekkt sem áþreifanlegt getur talist. Víst er þó að riðusmit var fyrir hendi árið 1967, er Oddakindin smitast, þ.e. í hjörðinni á Gilsárvöllum 1. Verður nú fjallað um nokkra möguleika er nefndir hafa verið sem hugsanlegar smitleiðir riðuveiki.

a) Heyflutningar. Ekki eru þekktir neinir heyflutningar að Gilsárvöllum 1, enda skorti þar víst aldrei hey. Tún á Gilsárvöllum 1 sluppu að mestu við kalskemmdir á kalárunum og því var ekki þörf aðkeyptra heyja. Einnig var búskapur að dragast saman á þessum árum á Gilsárvöllum 1. Riðuveiki er ekki talin hafa getað borist með heyflutningum að Gilsárvöllum 1, frá riðusvæðum á Íslandi.

b) Fóðurbætir. Nefndur hefur verið sá möguleiki að riðuveiki hafi borist til Austurlands með fóðurbæti erlendis frá. Um þetta er ekkert hægt að segja. Mikill innfluttur fóðurbætir hefur verið notaður á hverju ári hérlandis, sérstaklega þó í miklu magni á kalárum eins og voru 1965-1970 á Austurlandi.

c) Fjárflutningar. Einu fjárflutningar sem vitað er um að áttu sér stað að Gilsárvöllum 1 er hrútur sem hét Smári, og var hann frá Einari Árnasyni, Felli í Breiðdal. Smári var fæddur 1964, og sýndur á hrútasýningum í Borgarfirði bæði 1965 og 1967. Afdrif Smára eru óþekkt. Smári var undan hrút sem hét Jökull 66 og Einar Árnason keypti haustið 1963 frá Brú á Jökuldal.

Þrátt fyrir mikla eftirgrennslan kom ekkert fram sem benti til þess að riðuveiki á Austurlandi mætti rekja til fjárflutninga af riðusvæðum annars staðar á landinu. Fullyrða Borgfirðingar að slíkt gæti ekki farið fram hjá mönnum hefðu slíkir flutningar átt sér stað. Svipað álit höfðu Norðfirðingar er spurðir voru eftir þessu.

d) Smitberar. Menn hafa velt fyrir sér möguleikum á því að riðuveiki geti borist milli svæða með öðrum tegundum dýra en sauðfé og geitum. Nokkrar tegundir hafa verið nefndar s.s. Ixoides ricinus sem er blóðsjúgandi maur, er lifir á blóði spendýra og fugla. I. ricinus hefur fundist hérlandis nokkrum sinnum, þ.á.m. á kind í sláturhúsi á Norðfirði (Þórður Júlíusson munl. upplýsingar). Aðrar tegundir sem hugsanlega gætu borið smit eru húsdýr, þá t.d. með óhreininum er loða við dýrin og

innihalda smitefni.

Maurar gætu hugsanlega borist hingað til lands með fuglum, s.s. skógarpröstum, sem hérlandis eru mjög algengir varpfuglar í fjárhúsum. Maurar og skordýr sem bera riðusmit gætu hugsanlega borist hingað til lands með kjarnfóðri erlendis frá.

Af áðurnefndri upptalningu er ljóst að með öllu óþekkt er um uppruna riðuveiki á Gilsárvöllum. Raunar er sömu sögu að segja úr Norðfjarðarhreppi.

Áður var nefnt að hjörðin á Gilsárvöllum 1 dreifðist á nokkra staði haustið 1968. Verður á næstu síðum rakið hvernig smit er talið dreifast frá þessari hjörð bæði innan Borgarfjarðarhrepps og út fyrir hreppinn.

Gilsárvellir 1.

Uppruni riðuveiki í Borgarfirði eystra er rakinn að Gilsárvöllum 1, en þar bjó Þorleifur Jónsson eins og áður er sagt. Hann lést 1972.

Ekki er þekkt hvort kindur Þorleifs fóru úr riðuveiki áður en hjörðin dreifðist haustið 1968. Jón Sigurðsson á Sólbakka mun þó hafa fundið dauða kind, hvíta að lit, frá Þorleifi Jónssyni, þegar hann var að fara í rúningsgöngu um miðjan júlí 1968. Ær þessi var þá nýlega dauð, en hafði þá um vorið farið heilbrigð að sjá á afrétt. Dauðaorsök þessarar kindar er óþekkt.

Ljóst er að riðuveiki magnaðist fyrst upp í þeim hluta Gilsárvallahjarðarinnar sem fór að Odda, þ.e. strax veturinn 1969/1970. Riðuveiki á Sólbakka varð fyrst vart í janúar 1973, og var það ein fóðrakindanna frá Þorleifi Jónssyni. Á Svalbarði var ein fóðrakindanna frá Þorleifi Jónssyni grunuð um riðuveiki á byrjunarstigi haustið 1974, en lógað umsvifalaust og staðfestingu á þessu tilfelli vantar.

Á Hólalandi var ær frá Þorleifi Jónssyni grunuð um að hafa drepist úr riðuveiki sumarið 1971, í hjörð Sigurðar Árnasonar. Fyrsta kindin sem fékk riðuveiki á Grund 2 veturinn 1971/1972 var keypt haustið 1971 frá Sigurði Árnasyni á Hólalandi, sem hafði

fengið hana haustið 1968 frá Þorleifi Jónssyni. Þessi tilfelli verða rakin í smáatriðum hér á eftir en talin hér saman til að sýna á hverju sú skoðun byggist að upphafsriðuveiki á Borgarfirði eystra sé að leita á Gilsárvöllum 1.

Í framhaldi af þessu skal þess getið að riðuveiki verður vart á Gilsárvöllum 2 hjá Ólafi Jónssyni árið 1972 (Ólafur er látinn) og líklega einnig um svipað leyti hjá Birni Jónssyni, Gilsárvöllum 3. Ekki er vitað hvernig riðuveiki barst í þessar tvær Gilsárvallahjarðir en töluverður samgangur mun hafa verið á fé milli Gilsárvallabæjanna á þessum árum. Hugsanlegt er að riðuveiki byrji í þeim hluta Gilsárvallafjárins er varð að Oddahjörðinni 1968, en fóðrakindurnar á Sólbakka, Svalbarði og Hólalandi hafi ekki verið smitaðar en þær fóru upphaflega frá Gilsárvöllum 1 1968. Svo var mál með vexti að Þorleifur Jónsson tók fóðrakindurnar að Gilsárvöllum 1 vorið 1969, og báru þær þar og annaðist Þorleifur þær þá um vorið. Svo var einnig farið með fóðrakindurnar á Svalbarði og Sólbakka næstu ár og þær látnar bera á Gilsárvöllum 1. Því er möguleiki að fóðrakindurnar á Svalbarði og Sólbakka hafi smitast eftir að þær fyrst fóru frá Gilsárvöllum, en mikill samgangur var milli Odda og Gilsárvalla 1 á árunum eftir 1968. Þetta er hugsanleg skýring á að riðuveiki í áður nefndum hjörðum kemur ekki fram um svipað leyti.

Oddi.

Eins og áður er getið varð fyrsta tilfelli riðu sem menn gera sér grein fyrir í Borgarfirði eystra hjá Guðlaugi Björgvinsyni í Odda. Þessi kind hét Stórleit nr. 10, var grá, hyrnd, og fædd vorið 1967 á Gilsárvöllum 1. Riðueinkenna varð fyrst vart í Stórleit haustið 1969, tæpu ári eftir að fé Guðlaugs var flutt frá Gilsárvöllum 1. Um áramót var mikill kláði einkennandi og var kindin böðuð mörgum sinnum veturinn 1970. Um vorið bar Stórleit einu lambi, en ánni var lógað aðframkominni stuttu síðar, þá 3ja vetra. Stórleit var af fjárstofni Þorleifs Jónssonar og ætt hennar er ekki þekkt. Líklegt er að Stórleit hafi sýkst fljótlega eftir fæðingu eða fæðst sýkt vorið 1967.

Allt fé Guðlaugs Björgvinssonar kom af fjalli haustið 1970. Næsta riðutilfelli var hrútur sem lógað var riðuveikum haustið 1971. Eitthvað vantaði af Oddafénu haustið 1971. Riðuveiki náði hámarki í Odda árin 1972-1974.

Hólaland.

Áður hefur verið getið um 20 ær sem Sigurður Árnason Hólalandi keypti af Þorleifi Jónssyni á Gilsárvöllum 1 1968 sem og 20 fóðrakindur sem fóðraðar voru veturinn 1968/1969 með fé Sigurðar Árnasonar. Að öllum líkindum fór fyrsta ærin í hjörð Sigurðar Árnasonar úr riðuveiki sumarið 1971, þótt svo Sigurður Árnason hafi ekki áttað sig á því fyrr en síðar. Umrædd kind var keypt af Þorleifi Jónssyni haustið 1968. Bar hún 2 lömbum vorið 1971, en þau voru tekin, vanin undir aðrar kindur og kindinni sleppt lamblausri á fjall, þá mjög lélegri. Ær þessi kom aldrei að. Haustið 1971 hætti Sigurður Árnason búskap á Hólalandi og dreifðist hjörð hans á eftirtalda staði:

a) Um 50 kindur voru seldar Hannesi Árnasyni, Grund 2. Fyrsta ærin á Grund 2 sem fékk riðuveiki var úr þessum hóp. (Veiktist veturinn 1971/1972). Í þessum hóp voru nokkrar kindur frá Þorleifi Jónssyni.

b) 48 kindur voru seldar Einari Árnasyni, Felli í Breiðdal og þær fluttar haustið 1971 að Felli, ásamt 4 veturgömlum ám sem Sigurður Árnason átti sjálfur, en hann fluttist búferlum að Felli 1971. Eineða tvær ær voru í þessum hóp sem Sigurður Árnason hafði keypt 1968 frá Gilsárvöllum 1.

c) 20 veturgamlar ær voru seldar að Gilsárteigi í Eiða-hreppi. Aldrei varð vart riðuveiki í þeim hóp. 2 ær voru enn á lífi vorið 1980 úr þessum hóp að sögn eiganda.

d) 5 ær voru látnar á fóður að Hvannstöði.

e) 1 ær var seld Árna Sveinssyni Hól.

Hólalandshjörðin var að öllum líkindum smituð að hluta er hún dreifðist haustið 1971. Ein ær hafði sennilega farið úr riðuveiki sumarið 1971, næsta tilfelli úr þessari hjörð kom á Grund 2, veturinn 1971/1972. Hugsanlega hefur riðuveiki líka borist að Felli í Breiðdal með þessum fjárflutningum 1971.

Grund 2.

Áður hefur verið skýrt frá því að fyrsta riðukind hjá Hannesi Árnasyni á Grund 2 var keypt af Sigurði Árnasyni á Hólalandi, sem keypt hafði ána frá Gilsárvöllum 1. Riðuveiki varð vart í kindinni veturinn 1971/1972, og vorið 1972 var hún geld, og sleppt á fjall, þá orðin mjög létt, og virtist vera með öll einkenni riðu, að sögn eiganda, en hún kom ekki að um haustið. Næsta kind fór veturinn eftir þ.e. 1972/1973 og þá uppgötvaði Hannes Árnason að veikin væri sú sama og hrjáði ærnar í Odda. Tilfelli no. 2 var einnig úr þeim hóp sem keyptur var haustið 1971 frá Hólalandi. Ærnar frá Hólalandi voru fóðraðar áfram í fjárhúsunum á Hólalandshjáleigu næstu 3 vetur (fram á vor 1974) ásamt kindum sem Hannes Árnason keypti haustið 1967 frá Stakkahlíð í Loðmundarfirði.

Fjórar kindur af þeim 5 sem drápust 1976 úr riðu á Grund 2 voru undan kindum sem keyptar voru frá Hólalandi 1971. Voru þessar 4 ær allar fæddar í Hólalandshjáleiguhúsunum, ein 1972, ein 1973 og tvær 1974. Fimmta ærin var fóðruð á Hólalandshjáleigu 1972-1974 en var af heimastofni. Árið 1977 fór fyrsta ærin úr riðu sem var fædd og uppalin heima á Grund 2.

Af ofansögðu má ráða að riða byrjaði á Grund 2 í hjörð sem fóðruð var í fjárhúsunum á Hólalandshjáleigu frá hausti 1971 til vors 1974. Þegar sú hjörð og lömb sem þar voru fædd var flutt heim að Grund 2 smitast heimaféð og fyrstu ær af heimastofni fóru að fá riðuveiki 1977. Riða virðist fara tiltölulega hægt af stað í Hólalandshjáleiguhjörðinni en upplýsingar um hegðan riðuveiki á Grund 2 eru frekar litlar fram til 1976. Árið 1977 telur eigandi 10 ær fara úr riðu, 27 ær árið 1978 og 60 árið 1979. Hannes Árnason og sonur hans Oddur settu 120 gimbrar á vetur haustið 1977. Af þeim höfðu fengið riðu í árslok 1979 alls 25 ær (um 42% af heildarfjölda riðukinda á árinu). Vorið 1980 voru alls 28 ær farnar úr riðuveiki af árganginum 1977, (23%).

Þótt liðin séu rúm 8 ár frá því að riðuveiki varð fyrst vart á Grund 2, hafa afföll aldrei orðið meiri en á árinu 1979. Er það vegna þess að hjörðin á Grund 2 var haldið í tvennu lagi fram til 1974 eins og áður var lýst.

Gilsárvöllir 2.

Þar verður riðu líklega fyrst vart árið 1972. Ekki er vitað hvernig þessi hjörð sýkist en líklega má rekja riðusmit að Gilsárvöllum 1, næsta bæ við hliðina. Bóndi á Gilsárvöllum 2, þegar riða var að koma upp var Ólafur Jónsson, en hann er látinn. Við búi tók ungur sonur hans. Riða fór vaxandi á árunum 1973-1975 í fé á Gilsárvöllum 2.

Sólbakki.

Næst kom riða upp í hjörð Jóns Sigurðssonar, Sólbakka. Jón tók fyrst eftir einkennum riðuveiki í kind, sem hét Rauðkolla, 23. janúar 1973, (sama dag og gosið varð á Heimaey). Líklega var hún fædd 1968. Rauðkolla var ein af þeim 22 fóðrakindum sem teknar voru á fóður á Sólbakka veturinn 1968/1969, fyrir Þorleif Jónsson á Gilsárvöllum 1. Þessar fóðrakindur voru reknar 22. maí 1969 inn að Gilsárvöllum 1, þar sem þær báru. Vorið 1970 voru Gilsárvallaærnar reknar inn að Gilsárvöllum 1, 21. maí og 1971 18. maí. Vorið 1972 báru ærnar á Sólbakka en farið var með þær 1. júní inn að Gilsárvöllum 1. Svipað var farið með þær fóðrakindur er voru hjá Ásgeiri Arngrímssyni, Svalbarði, og þær reknar að vori inn að Gilsárvöllum 1, þar sem þær báru.

Rauðkolla var írauð og kollótt. Hún var að dragast upp innan um féð veturinn 1973 og klóraði sér viðstöðulaust. Um vorið var hún sett í krubbu í hlöðunni. Haft var samband við Jón Pétursson dýralækni í mars 1973 og fór hann fram á að Rauðkolla yrði einangruð, en það var ekki gert. Þessi kind drapst í ágúst 1973 í hesthúsi á Sólbakka, hafði þá urgað sár á síðurnar og malirnar.

Næsta kind með riðuveiki á Sólbakka hét Hnyðra, fædd 1969 hjá Þorleifi Jónssyni á Gilsárvöllum 1, en hún var frávillingur og fékk Jón Sigurðsson á Sólbakka hana haustið 1969. Hún kom að haustið 1973 með riðu, þá 4v. 4m. og var lógað. Fyrstu tvær kindurnar, sem fengu riðu á Sólbakka voru úr hjörð Þorleifs Jónssonar á Gilsárvöllum 1.

Priðja kindin sem örugglega fór úr riðu hét Halla, fædd 1972 á Sólbakka. Hún fékk Hvanneyrarveiki um jólin 1973 en var læknuð með lyfjagjöf. Hún náði sér en hallaði á eftir veikindin og hlaut af því nafnið. Skömmu síðar (í janúar 1974), fór að bera á riðueinkennum í Höllu sem ágerðust og var henni lógað 15. mars 1974. Halla var tekin frá öðru fé og sett til lambanna, og þar var hún uns henni var lógað. Jón kennir Höllu um mikil afföll í þeim árgangi sem Halla var sett saman við, en haustið 1973 setti Jón á 29 gimbrar.

Samkvæmt ofanrituðu má telja að riðuveiki á Sólbakka sé tilkomin vegna samgangs við riðuveikar kindur úr Gilsárvalla-hjörðinni títtnefndu. Ekki er hægt að segja fyrir um hvort fóðrakindurnar á Sólbakka hafi verið smitaðar eða hvort þær náðu í smitið heima á Gilsárvöllum 1 einhvern tíma fyrir 1972 en eftir það verða þær hluti af Sólbakkahjörðinni.

Ekki virðist nema ein þessara upprunalega fóðrakinda á Sólbakka fá riðu. Fóðrafénu fækkaði smám saman frá 1969 til 1974, en Guðbjörg Ágústsdóttir sem lést 1974, átti nokkrar kindur á fóðrum á Sólbakka eftir að Þorleifur maður hennar lést 1972. Gilsárvallaærnar báru fyrst á Sólbakka vorið 1972, en þá fæðist Halla, sem var fyrsta kind úr heimastofni með riðu.

Næst kom riða upp á þremur bæjum, Hátúni, Hvannstöði og Geitavík 2, en áður en fjallað verður um þá bæi skal gerð grein fyrir upptökum riðuveiki á Svalbarði, í hjörð Ásgeirs Arngrímssonar og Ástu Magnúsdóttur.

Svalbarði.

Haustið 1974 kaupir Ásgeir Arngrímsson, Svalbarði 70 ær af Árna Sveinssyni á Hól, sem næsta vetur voru fóðraðar í fjárhúsunum á Hól. Fyrsta kindin sem fékk örugglega riðu hjá Ásgeiri var úr þessum hóp. Hún hét Móruflekka, fædd 1972, undan Mangaflekk og Gilitrutt á Hól. Riðueinkenna varð vart í júní 1975 og henni var lógað 20. september 1975, 3v. 4m. Móruflekka var því keypt smituð frá Hól. Erfitt er að segja hvort Móruflekka hafi smitað út frá sér í þessum 70 kinda hóp, sem fóðraður var veturinn 1974/1975 í fjárhúsunum á Hól,

en síðan með öðru fé Ásgeirs. Næstu kind úr þessum hóp var lógað 17. apríl 1979, með greinileg einkenni riðu. Sú hét Sokka, fædd 1972 og var hún svartleistótt. Hafi hún smitast af Móruflekku veturinn 1974/1975, hefur hún gengið 4 ár með smitið, en einnig getur hún hafa smitast í heimahjörð Ásgeirs, eftir haust 1975. Hvernig Móruflekka smitaðist er ekkert vitað um. Nánar verður getið um riðuveiki á Hól hér aftar.

Eins og áður hefur komið fram tók Ásgeir Arngrímsson á Svalbarði kindur á fóður fyrir Þorleif Jónsson á Gilsárvöllum 1, rétt fyrir jól 1968. Þessar ær, um 20 talsins, voru fóðraðar á Svalbarði næsta vetur en reknar inn að Gilsárvöllum næstu vor og látnar bera þar. Vorið 1971 báru kindurnar líklega fyrst heima á Svalbarði, sem og næstu vor, en haustið 1974 var þeim kindum sem eftir voru lógað, nema tveimur er fóru að Odda. Einhver endurnýjun hafði orðið í þessari hjörð fóðrakinda hjá Ásgeiri.

Haustið 1974 var kind úr Gilsárvallahópnum grunuð um að vera með riðu á byrjunarstigi. Þeirri kind var slátrað og engin staðfesting á þessu tilfelli er fyrir hendi. Undan þessari grunuðu kind voru til tvílembingar, Aska og Gufa, fæddar 1972. Aska var grunuð um riðu á byrjunarstigi og drepin í desember 1975, 3v. 6m., en Gufa var drepin haustið 1976 vegna júgurmeins án nokkurs gruns um riðu.

Sennilegt er að riðuveiki hafi borist að Svalbarði með Gilsárvallakindunum þótt ekki sé hægt að fullyrða um það. Riða kemur einnig frá Hól að Svalbarði með Móruflekku eins og áður var lýst. Ekki er hægt að sýna fram á tengsl milli Móruflekku og Gilsárvallafóðrakindanna, þannig að riðusmit á Svalbarði kemur a.m.k. úr tveimur áttum.

Næsta örugga riðutilfelli á Svalbarði er heimaalin kind sem hét Gola. Hún var fædd 1972, undan Fanti og Kolu. Riðueinkenna varð vart 20. apríl 1976. Hún var strax einangruð og látin bera, lambið vanið undir og Golu lógað í maí 1976. Undan Golu var til gimbur, fædd 1975 og var hún seld að Framnesi og var hún drepin þar vegna riðuveiki strax haustið 1976, 5 mánuðum eftir að móðir hennar var drepin á Svalbarði. Hafi riðuveiki verið að koma fram á einni kind frá Gilsárvöllum 1, haustið 1974 gæti Gola hafa smitast af henni.

Hvannstóð.

Riðuveiki varð fyrst vart í Hvannstóði haustið 1973, en þar var svo hagað að þrenn fjárhús hafa verið notuð frá og með vorinu 1972 og því hægt að rekja aðskildar smitleiðir að Hvannstóði. Fjárhús heima í Hvannstóði hafa verið notuð allan tímann, en vegna þrengsla heima fyrir var fé látið bera í fjárhúsunum á Hólalandi vorið 1972 og svo hirtar þar um 200 kindur fram til 1974, er Anton Þorsteinsson og Rúnar Halldórsson tóku Hólaland á leigu. Haustið 1974 keyptu Hvannstóðsmenn Hólalands-hjáleigu og fóru að fóðra fé í húsunum þar. Ennfremur var fé látið bera í fjárhúsunum á Hólalandi því Anton og Rúnar fluttu fé sitt til Húsavíkur undir vor á árunum 1975-1979. Hvannstóðsmenn hafa því fóðrað fé á Hólalandshjáleigu frá 1974, en á Hólalandi 1972-1974 og eftir það á vorin fram til 1979, auk þess að hafa fé í Hvannstóði.

Nokkuð ljóst er hvernig riða barst í yngri ærnar, sem fóðraðar voru sér á Hólalandi en eldra fé var þá fóðrað heima. Þær ær sem sýkja yngra féð voru:

a) Glókolla fædd 1972 og fengin lambshaustið frá Gilsár-völlum 2, þá að öllum líkindum smituð.

b) Ær undan Pílu, en Píla fór úr riðuveiki í heimahjörðinni í Hvannstóði veturinn 1973/1974.

Glókolla kom að riðuveik haustið 1974 (2v. 5m.). Ærnar undan Pílu sem fóru úr riðu hétu Skíma f. 1972, og var henni lógað í janúar 1975, og Gjóska fædd 1973, lógað í september 1975.

Glókolla og Píludætur valda því að öllum líkindum allri riðuveiki í Hvannstóði fram til ársbyrjunar 1979 ef undan eru skyldar tvær ær sem vart var við riðuveiki í árið 1973, í fjárhúsunum heima í Hvannstóði, en önnur þeirra var Píla, sem áður er getið en hin hét Stygg. Riðuveiki í Hvannstóði er bundin við fé sem fóðrað var á Hólalandi og síðan á Hólalandshjáleigu, sem og kindur undan þeim allt fram til 1979, með 4 undantekningum (2 þeirra voru Stygg og Píla) og 2 ær voru fæddar heima í Hvannstóði 1974, önnur var Grálúða Þúfudóttir (er getið síðar), en hin hét Svartbotna og fór hún haustið 1976.

Í árslok 1977 voru alls 20 ær farnar úr riðu í Hvannstóði

og voru flestar þeirra fæddar 1972, eða 12 1971 voru 3 fæddar og 1973 1, 1974 2 og 1975 2 sem fóru um leið og mæður þeirra, f. 1972. Píla og Stygg eru ekki talðar hér með og verður fjallað um þær hér aftar.

Orsakir riðuveiki í eldra fé í Hvannstóði, þ.e. því fé sem fóðrað var í fjárhúsum heima í Hvannstóði, (kindum fæddum 1970 og fyrr) eru ekki þekktar með vissu. Tvær ær fóru úr riðuveiki í þessum hóp 1973, en síðan ekki söguna meir fyrr en 1979. Ær þessar hétu Stygg og Píla og voru þær í húsum með um 200 fjár, heima í Hvannstóði. Píla var fædd 1969 og vart varð við riðu í henni í desember 1973, en var ekki lógað fyrr en eftir burð 1974. Á miðjum vetri var Píla tekin og sett í krubbu með gamalám, sem lógað var um haustið 1974 vegna aldurs. Píla bar 2 lömbum vorið 1974 og voru þau vanin undir, en Pílu lógað. Píla var undan hrútnum Brandi (63-051). Hin ærin sem fór í heimahjörðinni í Hvannstóði 1973-1974 hét Stygg. Stygg var fædd 1970, og vart varð við riðueinkenni í henni í nóvember 1973, og var henni lógað um hálfum mánuði síðar, en riðuveiki í Stygg varð vart þegar fé var tekið. Stygg var undan Grána Brandssyni.

Svo virðist sem Stygg og Píla hafi ekki náð að sýkja þennan 200 kinda hóp því riðuveiki verður næst vart í þessum hóp 1979, en þá fóru 3 ær:

- a) Mugga Brandsdóttir, fædd 1969, drepin í apríl 1979
- b) Hæra Brandsdóttir, fædd 1969, drepin í október 1979
- c) Þúfa, sem fengin var frá Gilsárvöllum 2 lambshaustið

1970. Þúfa á sér sérstæða sögu, sem rakin er hér aftar. Hvannstóðsmenn telja að Stygg og Píla nái ekki að smita frá sér. Ekki er vitað hvernig Stygg og Píla sýkjast en eigendur hafa bent á þrjá möguleika:

a) Stygg og Píla hafi sýkst af 5 kindum sem fóðraðar voru fyrir Sigurð Árnason á Hólalandi eftir að hann hætti búskap 1971. Veturinn 1971/1972 voru þær allar 5 fóðraðar í Hvannstóði, en 3 drepnar um haustið 1972, en hinar tvær fóðraðar veturinn 1972/1973 og drepnar haustið 1973. Engin þessara kinda var grunuð um riðuveiki.

b) Eigendur bentu á að Stygg og Píla geti hafa sýkst af fé Guðlaugs Björgvinssonar í Odda, sem kom saman við Hvannstóðs-fé á húsum.

c) Í síðasta lagi hafa eigendur bent á möguleika sem hér skal rakinn: Haustið 1970 var fengið lamb frá Gilsárvöllum 2, sem nefnt var Þúfa. Þúfa varð afurðagóð ær, átti alls 14 lömb og undan henni voru til 3 ær sem lifðu, en auk þeirra voru undan Þúfu 2 ær, sem báðar fóru úr túnveiki á fyrsta ári. Þúfa fór úr riðu í apríl 1979 (9v) en dætur hennar 3 voru þá allar farnar úr riðu. Þessar þrjár dætur Þúfu voru: a) Píka, fædd 1973, fór úr riðu í janúar 1978 (55m.) b) Grálúða, fædd 1974, fór úr riðu í október 1978 (52 m.) c) Grásleppa, fædd 1976, fór úr riðu í maí 1978 (24m.).

Árið 1974, undir vor, var Þúfa grunuð um riðu. Hún var með áberandi kláða, og klóraði sér daglega um vorið. Þessi einkenni hurfu þó þar til 5 árum síðar og ágerðust þau uns Þúfu var lógað með glögg riðueinkenni í apríl 1979. Eins var farið með dætur Þúfu, þær Píku og Grálúðu: Píka var fyrst grunuð um riðu vorið 1976 og sama gerðist 1977, en glögg riðueinkenni komu fram í janúar 1978 og Píka þá drepin. Grálúða var grunuð um riðu bæði vorin 1977 og 1978, en haustið 1978 kom hún með glögg riðueinkenni af fjalli og var lógað. Grásleppa fék fyrstu riðueinkenni undir vor 1978 sem ágerðus ört og drapst hún á sauðburði, líklega úr túnveiki, en með riðu á allháu stigi.

Hvannstóðsmenn hafa álitid það hugsanlegan möguleika að Þúfa hafi komið smituð frá Gilsárvöllum 2, haustið 1970, en þar bar fyrst á riðu 1972. Þeir telja að Þúfa, sem alla tíð var í fjárhúsum heima í Hvannstóði gæti hugsanlega hafa sýkt þær Pílu og Stygg, en Þúfa er eina kindin sem aðfengin er í hjörðina sem gæti hafa komið smituð. Þessi hegðun Þúfu og dætra hennar Píku og Grálúðu, að sýna fyrstu einkenni riðuveiki undir vor, telja þeir geta bent til að Þúfa hafi verið með riðusmit þegar vorið 1974. Hugsanlega gæti hún því hafa smitað Stygg og Pílu (eða á hinn bóginn jafnvel smitast sjálf af þeim).

Raktir hafa verið þeir möguleikar sem Hvannstóðsmenn hafa talið líklega á smitleiðum riðuveiki í hjörð þeirra, sem haldið var í tvennu lagi á árunum sem riðu varð fyrst vart. Nokkuð

ljóst er hvernig yngri hluti fjárlins smitast, sem fœðraður var á Hólalandi, en bent var á 3 möguleika sem hugsanlega gætu skýrt riðuveiki í tveim árm veturinn 1973/1974 í heima-hjörðinni, sem þá samanstóð af kindum á 4. vetri og eldri.

Hátúni.

Riðu varð fyrst vart hjá Magnúsi Þorsteinssyni, Hátúni á sauðburði 1973, en þá fór heimaalin kind úr riðu. Árið 1974 fóru 2 ær og síðan hafa 3-5 ær farið á ári, en 6 árið 1979.

Eigandi telur riðu berast að Hátúni frá riðuveiku fé í Odda. Einungis um 200 metrar eru milli fjárhúsanna í Odda og Hátúni og samgangur á þessum hjörðum nokkuð mikill, þó líklega mestur á haustin.

Næstu 2 kindur (tilfelli 2 og 3) sem fóru úr riðu í Hátúni voru undan túnarollu sem hét Héla og gekk hún m.a. á túnnum í Odda. Héla fór ekki sjálf úr riðu og var lógað vegna elli, haustið 1975 en dætur hennar fóru báðar úr riðu haustið 1974, þá 2v. 4m. Voru ærnar undan hrút sem hét Flekkur (Mangaflekkur, 71-137) og mikið fer úr riðu undan í Hátúni og víðar í Borgarfirði (Hól, Framnesi).

Geitavík 2.

Riðuveiki barst til Geitavíkur 2 með kind sem fædd var á Gilsárvöllum 2 líklega vorið 1969 og hét Hvönn. Haustið 1972 erfði Þorbjörg Jónsdóttir í Geitavík 2 umrædda kind eftir móður sína Guðrúnu Högnadóttur, en Guðrún dó vorið 1972. Fyrstu riðueinkenna varð vart hjá Hvönn í haustgöngum 1974, er ærin fór undir garðabönd og klóraði sér. Hvönn var lógað haustið 1974.

Haustið 1974 hatti Jón Björnsson búskap í Geitavík 2 og dreifðist nokkuð af fé hans innan hrepps, sem riða kom síðan fram í eins og nánar verður rakið síðar. Faðir Jóns, Björn Jónsson hélt búskap áfram. Næsta kind sem fór úr riðu í Geitavík 2 var grá, undan Brandi (63-051) og varð einkenna vart um miðjan apríl 1975. Trúlega hefur hún sýkst af Hvönn, sem og næstu

riðukindur í Geitavík 2, en alls fóru 3 ær úr riðu 1975 en 36 árið 1976. Eigendur telja að Gilsárvallaærin Hvönn hafi komið með riðu að Geitavík 2. Ef sjúklingur no. 2 smitast af Gilsárvallakindinni er það áður en riðu verður vart í Hvönn.

Höfn.

Hegðan riðuveiki í Höfn, hjá Magnúsi Þorsteinssyni hefur verið nokkuð öðru vísi en annars staðar í hreppnum.

Riðuveiki varð þar fyrst vart í desember 1974 og u.þ.b. 16 mánuðum síðar bar á riðu í alsystur fyrstu riðukindarinnar, en báðar ærnar voru fæddar 1971. Þessar riðuær voru undan kind, sem Stórahvít hét. Stórahvít var úr hópi 14 fóðrakinda, sem hafðar voru sér í kofa í Höfn. Eigandi fóðrakindanna var ekkja Aðalsteins Ólafssonar í Bakkagerði, Jakobína Björnsdóttir. Öllum fóðrakindunum var lógað haustið 1971. Undan Stóruhvít voru þó settar áður nefndar tvær gimbrar á, sem urðu fyrstu riðukindur í Höfn. Stórahvít gekk á túnnum í Bakkagerðisþorpi og dætur hennar gerðu það einnig. Fyrstu riðuærnar í Höfn gengu með og voru saman við riðuveikt fé í Odda og telur eigandi þær smitast af Oddafénu, en riðuveiki var komin á hátt stig í Odda 1972.

Vart varð við riðu í þeirri systur undan Stóruhvít, sem seinna fór, í apríl 1976. Hún átti tvö lömb þá um vorið, en var lógað í júlí, þar sem hún var að dragast upp vegna riðuveiki á túnnum í Bakkagerðisþorpi.

Síðan fóru tvær ær árið 1977 í Höfn, tvær 1978, og ein 1979. Af þessu er ljóst að riðuveiki hefur aldrei náð sér á strik í Höfn svo neinu nemi. Allar ærnar hafa verið af heimastofni nema þær 2 fyrstnefndu.

Nokkuð öruggt má telja að fyrsta riðukindin í Höfn hafi smitast af riðufé í Odda, og riðukind tvö e.t.v. líka, eða þá að hún hafi smitast af kind no. 1, sem kom með fyrstu riðueinkenni u.þ.b. 16 mánuðum áður en fór að bera á riðu í kind no. 2.

Geitavík 1.

Óþekkt er hvernig riða barst í hjörð Daniels Pálssonar í Geitavík 1. Fyrstu ærnar sem veiktust voru heimaaldar. Fyrsta kindin sem fékk riðu hét Ljósbrá, líklega fædd 1965 og fyrstu einkenna varð vart vorið 1975. Var henni lógað um haustið í Breiðuvík. Kind no. 2, Grámosa (f.1970) sýndi fyrstu riðueinkenni haustið 1975, og var lógað um áramótin en hafði þá gengið í fênu riðuveik frá því fé var hýst. Í janúar 1976 var hrúturinn Blær Brandsson (f.1970) drepinn vegna riðuveiki og 4 kindur fóru í viðbót úr riðu á árinu 1976. Einungis 2 fóru úr riðu 1977. Möguleiki er að rekja megri riðusmit í Geitavík 1 til samgangs við riðufé frá Geitavík 2, en ekki skal fullyrt um það. Jón Björnsson frá Geitavík benti á að Hvönn hafi lent saman við fé í Geitavík 1 og verið hýst þar eitthvað a.m.k. haustið 1972, vegna þess að hún var ókunnug í Geitavík. Geitavíkurhjarðirnar blandast saman þegar beitt er í fjöru.

Árgarður.

Hjá Skúla Kristinssyni bar fyrst á riðu haustið 1975, er svartmógótt kind kom í haustgöngum að með riðu. Sú hét Golsa og var fædd 1973 á Hofströnd. Golsa var tvílembd vorið 1975.

Næst fór úr riðu í Árgarði alsysystir og tvílembingur við Golsu, en sú fékk ekki riðu fyrr en rúmum 3 árum eftir að Golsa var drepin. Henni var lógað um áramótin 1978/1979, þá á 6. vetri. Móðir þeirra drapst frá tvílembingsgimbrum þessum sumarið 1973, en ekki úr riðu að sögn Skúla Kristinssonar, því hún var talin hafa fengið jógurbólgu og í rúningsgöngu 1973 fannst hún dauð. Hugsanlega getur móðir þessara tvílembinga sem voru undan Parti Brandssyni hafa verið smituð af riðu án þess að vera farin að sýna riðueinkenni, og dætur hennar smitast af henni, en sú sem fór 1975 hefur verið fædd sýkt eða náð fljótlega í smitið, því hún var 2v.4m. þegar hún var komin með riðu á háu stigi. Eigandi gat þess að tvílembingurinn sem seinna fór gæti hafa smitast síðar, því sú kind kom í hús á

Gilsárvöllum "eitthvert haustið" og gæti þá hafa sýkst. Einungis 2 ær eru farnar í viðbót í Árgarði og voru þær báðar aðkeyptar frá Hátúni, önnur keypt haustið 1977 fædd 1972 og var henni lógað 6. október 1979. Hin ærin frá Hátúni var fædd 1974 og keypt haustið 1979, og var henni lógað 29. desember 1979. Líklegast hafa báðar ærnar frá Hátúni komið smitaðar.

Hegðan riðuveiki í Árgarði gæti bent til þess að riðusmit hafi aldrei náð að magnast upp í heimastofninum. Golsa hefur e.t.v. sýkst af riðukind, eftir að móðir hennar drapst því Golsa var graslamb sumarið 1973, en graslömb fylgja oft öðru fé eftir. Systir Golsu gæti hugsanlega hafa sýkst á Gilsárvöllum. Er þannig hugsanlega um að ræða aðskildar smitleiðir í tvílembingana sem ekki náðu að smita út frá sér í heimastofni.

Þessi hjörð Skúla Kristinssonar í Árgarði varð til, þegar eigandi flutti frá Hofströnd. Hefur smáfjölgað í hjörðinni á tímabilinu frá 8 ám 1972 upp í 70 ær veturinn 1979/1980. Nokkur samgangur hefur verið við Hofstrandarfé en riðu varð fyrst vart á Hofströnd veturinn 1976 í aðkeyptri kind þannig að ekki virðist svo sem um tengsl á riðusmiti sé að ræða milli þessara hjarða.

Hofströnd.

Riðu hjá Ingabirni Kristinssyni varð fyrst vart veturinn 1976, en þá sá fyrstu riðueinkenni á Myglu, sem keypt var frá Geitavík 2 haustið 1974 ásamt 23 ám öðrum. Mygla var fædd 1967. Fyrsta vetur sinn á Hofströnd var Mygla geld og vorið 1975 var henni sleppt geldri á fjall. Riðueinkenna varð vart í Myglu veturinn 1975/1976 og vorið 1976 bar hún tveimur lömbum, annað drapst, en hitt var vanið undir en Myglu lógað. Eigandi telur Myglu hafa komið smitaða frá Geitavík 2.

Haustið 1977 var lógað fjórum næstu riðukindum á Hofströnd. Þrjár þeirra voru frá Geitavík 2, 2 fæddar 1973 en ein 1970. Ein var heimaalin, fædd 1975, og hét sú Hremsa, undan Grána Brandssyni frá Geitavík 2. Árið 1978 fóru 5 ær úr riðu, allar heimaaldar. Árið 1979 voru 13 kindur bættar vegna riðuveiki á Hofströnd. Alls 7 af ánum frá Geitavík voru farnar úr riðu um

áramót 1979/1980. 16 heimaaldar ær voru þá farnar úr riðu, þar af 10 undan Grána Brandssyni (72-150). Hafi Hremsa smitast sem lamb 1975, heima á Hofströnd, sýkist hún af kind sem ekki er farin að sýna nein merki riðuveiki.

Framnes.

Næst kom riða upp hjá Skúla Andréssyni. Nokkuð er ljóst hvernig Framnheshjörðin sýktist. Tvær fyrstu ærnar sem fengu riðu voru aðfengnar úr riðuhjörðum. Þær ollu að öllum líkindum miklum afföllum af völdum riðuveiki 2-3 árum síðar.

Sú kind sem fyrst veiktist hét Rólynd, var grá, og keypt haustið 1974 frá Geitavík 2. Rólynd var fædd 1973. Riðueinkenna varð vart í mars 1976, (2v.9m.) og var hún látin bera en síðan lógað, og lömbin undan henni vanin undir. Þegar Rólynd var slátrað, "var hún orðin nokkuð þunn, en át og klóraði sér rólega, en ekki var mikill kláði í henni".

Hin kindin sem fór úr riðu árið 1976 hét Grábílda og var einungis 16 mánaða þegar henni var lógað vegna riðu. Þessi kind var frá Svalbarði, keypt lambshaustið 1975. Móðir hennar fór úr riðu í febrúar 1976 og kom þeim Ásgeiri Arngrímssyni á Svalbarði og Skúla Andréssyni á Framnesi saman um að lóga Grábíldu ekki fyrr en um haustið 1976, eftir að ljóst var orðið að hún var undan riðukind. Grábíldu var lógað í haustgöngum á Víkum.

Vafalítil hafa báðar þessar kindur komið smitaðar. Engin kind fór úr riðuveiki árið 1977 á Framnesi, en 1978 og 1979 var riða í algleymingi. Þess má geta að Grábílda átti lamb veturgömul, sem skilaði 14.4 kg. af kjöti um haustið.

Eigandi telur Grábíldu smita út frá sér áður en riðueinkenni komu fram, þ.e. þær kindur sem hún gekk með veturinn 1975/1976 (gemlingana) en alls voru um 40 gemlingar með Grábíldu í húsi þennan vetur. Allseru 11 ær farnar úr riðu af árganginum 1975, en þá voru 50 lömb sett á vetur, fyrsta riðukindin fór haustið 1978, þrjár um áramótin, 5 undir vor 1979 og tvær haustið 1979. Næsti árgangur á eftir þ.e. gimbrar fæddar 1976, (alls 41 lamb sett á vetur 1976/1977) hafa einnig orðið illa úti, en 9 (24%)

þeirra voru drepnar vegna riðuveiki á árinu 1979. Mikið smit virðist því hafa verið til staðar árin 1975 og 1976 á Framnesi.

Riðuveiki í Framnesi er rakin til ofangreindra tveggja kinda, sem báðar voru aðfengnar í Framneshjörðina.

Ósi

Í desember 1976 var fyrst vart við riðu í hjörð Guðmundar Jóhannessonar, Ósi. Ekki er víst hvernig riða barst að Ósi. Fyrsta riðukindin hét Rák, fædd 1974, og varð vart riðu í Rák í desember 1976, (2v.7m.). Rák var keypt haustið 1974 af Árna Sveinssyni, Hól, ásamt 2 gimbrum öðrum, sem ekki hafa farið úr riðu, þar af önnur tvílembingur á móti Rák. Leitt er líkum að því hér aftar að hjörð Árna Sveinssonar á Hól hafi verið smituð er hann hatti búskap 1974.

Móðir Rákar gekk í túnunum í Bakkagerðisþorpi að einhverju leyti og umgekkst þar riðufé (m.a. frá Odda) og því möguleiki á að Rák hafi smitast þar. Rák gekk í Brúnavík sumrin 1975 og 1976.

Næsta kind sem fór úr riðu á Ósi hét Glóð, f. 1976. Glóð var heimaalin og var henni lógað í febrúar 1979 (2v.9m.). Árið 1979 fóru alls 9 ær úr riðu á Ósi, allar fæddar 1975-1977. Því er nokkuð ljóst að smit hefur verið fyrir hendi í Óshjörðinni árið 1977, eða jafnvel fyrr. E.t.v. má rekja riðuveiki í Ósi árið 1979 til Rákar en einnig gæti vantað riðuveika kind sem ekki var vitað um og gæti hugsanlega hafa horfið á fjalli.

Minna má á að alsystir Rákar er enn lifandi í Ósi og ber ekki á riðuveiki í henni.

Mestur samgangur er við fé frá Hofströnd, Hátúni og Sólbakka.

Hól.

Á Hól hafa bræðurnir Árni og Guðmundur Sveinssynir búið, en Guðmundur hatti búskap haustið 1973, en hóf búskap að nýju

haustið 1975. Árni hætti búskap árið 1974. Af þessu leiddu nokkrir flutningar á fé sem nú skulu raktir:

Þegar Guðmundur Sveinsson hætti 1973 leigði hann fé sitt að Svalbarði (41 kind) og Framnesi í eitt ár, en seldi það síðan allt að Framnesi haustið 1974. Haustið 1975 kaupir Guðmundur Sveinsson hluta fjárins til baka frá Framnesi, alls 25 ær, og auk þess 140 ær frá Hofströnd. Árið 1977 keypti Guðmundur einnig 25 ær frá Hátúni. Haustið 1975 keypti Guðmundur 15 gimbrar frá Svalbarði og 10 gimbrar frá Geitavík 2. Getið verður um riðuveiki í hjörð Guðmundar hér aftar, en áður skal gerð grein fyrir afdrifum þeirra kinda er Árni Sveinsson seldi haustið 1974 að eftirtöldum bæjum:

- 70 ær seldar að Svalbarði
- 20 ær seldar að Gilsárvöllum 3
- 3 gimbrar seldar að Ósi
- 1 gimbur seld að Desjamýri
- 2 gimbrar seldar að Hofströnd
- 2 gimbrar seldar að Snotrunesi 1

Miklar líkur eru á að hluti hjarðar Árna hafi verið smitaðar 1974 og skulu rök færð fyrir því:

1. Fyrsta kindin af þessum 70 á Svalbarði (Móruflekka) fékk riðuveiki í júní 1975 og var lógað um haustið. Næsta kind úr þessum hóp fékk ekki riðuveiki fyrr en 1979. Sjá nánar við Svalbarð.
2. Ein gimbranna þriggja, sem fóru að Ósi varð fyrsta riðukind þar, og var hún drepin 2v.7m. (sjá nánar við Ós).
3. Móðir fyrstu riðukindarinnar (Hálsu) á Snotrunesi 1 var keypt af Árna Sveinssyni 1974. Sú hét Mórúmagi en hún drapst úr garnaeitrun veturinn 1976. Hálsa var undan Mórúmögu 1975, og varð riðu vart í janúar 1978. E.t.v. var Mórúmagi riðusmituð og Hálsa því smitast af móður sinni.
4. Fyrsta kindin á Desjamýri með riðuveiki (Tígla) var undan Laufu, sem keypt var frá Hól 1974, en Laufa lifir enn 1979/1980 og hefur aldrei verið grunuð um riðu. Tígla var undan Laufu vorið 1975 og var Tígla fyrst grunuð um riðuveiki í apríl 1978, taplega 3v. (sjá nánar við Desjamýri). Hugsanlega er Laufa smituð

af riðu, og Tígla því smitast af móður sinni.

Af ofansögðu má ráða að vísbendingar eru um að hjörð Árna Sveinssonar hafi verið riðusmituð, þegar hún dreifðist haustið 1974. Þessi tilfelli eru á margan hátt sambærileg því er gerðist er búskap var hætt á Hólalandi 1971.

Hvernig hjörð Árna Sveinssonar hefur smitast er óþekkt. Sigurður Árnason á Hólalandi seldi Árna Sveinssyni mórauða gimbur haustið 1971, sem síðan var seld að Framnesi og var þar á lífi haustið 1979. Þessi fjárkaup eru þau einu sem vitað er um að riða gæti hafa borist með að Hól. Benda má á að stutt er frá Hóli í fjárhús frá Odda og Hátúni, þar sem riðuveiki var fram komin eins og áður er rakið.

Víkjum nú að upphafi riðuveiki í hjörð Guðmundar Sveinssonar sem hóf búskap að nýju á Hól 1975.

Fyrsta kindin sem fór úr riðu hjá Guðmundi Sveinssyni hét Prufa, fædd vorið 1975 í Geitavík 2, en var seld haustið 1975 að Hól. Fyrstu riðueinkenna varð vart við smölun og varkindinni lógað í september 1977 í Húsavík (2v.4m.). Vafalítið hefur Prufa komið smituð að Hól. Næsta kind sem fór úr riðu hét Þoka, f. 1975, og var henni lógað í desember 1977. Þoka var einnig frá Geitavík 2, en alls voru 10 gimbrar keyptar haustið 1975 frá Geitavík 2. Fyrstu einkenna riðu í Þoku varð vart þegar Breiðavík var smöluð er fé var tekið á hús og var hún þegar drepin.

Þriðja kindin sem fór á Hól var fædd 1976 og hét Pála, frá Hvannstóði haustið 1976. Hún var drepin í janúar 1978 (1v.8m.) Að öllum líkindum kom Pála smituð frá Hvannstóði.

Næstu 4 kindur sem fóru úr riðu á Hól voru einnig allar aðfengnar: Haustið 1978 fóru 2 kindur frá Hátúni, Bóthildur f. 1973 og Froða (fæðingarár óvíst), en þær voru úr hópí 25 kinda, sem keyptar voru haustið 1977 frá Hátúni, að Hól. Tvær kindur í viðbót fóru haustið 1978, önnur frá Hofströnd keypt 1975 sem hét Erna, f. 1973 og gat hún hafa smitast á Hól, hin hét Pétursey f. 1976 keypt af Péttri Eiðssyni á Snotrunesi 1 haustið 1976.

Fyrsta kind af heimastofni Guðmundar fór úr riðu á Hól í árslok 1978. Sú hét Gellivör, f. 1976 og var sonardóttir Brands (63-051), undan Parti. Fyrsta ærin sem fór árið 1979 var Löt og var hún fædd 1975 í Geitavík 2, úr áðurnefndum 10 kinda hóp.

Einungis tvær kindur eru farnar úr riðu í viðbót á Hól. Gráskinna f. 1977 var heimaalin og var lógað í september 1979 og hin hét Flekka og var úr hópnum frá Hátúni sem keyptur var 1977. Flekku var lógað í október 1979.

Guðmundur á Hól keypti árið 1975 fé úr riðuhjörðum og þær kindur fara fyrst úr riðu, en einungis tvær ær eru farnar af heimastofni. Smit í hjörð Guðmundar er komið úr nokkrum áttum, s.s. Geitavík 2, Hvannstóði, Hátúni og jafnvel Snotrunesi 1.

Riðuveiki í heimastofni Guðmundar á Hól má að öllum líkindum rekja til þeirra kinda, sem fyrst fóru úr riðu á Hól.

Frá og með hausti 1977 hafa um 50 ær í eigu Jóns Sveinssonar, Hvannstóði verið leigðar að Hól. Eigandi hefur haldið svipaðri fjártölu þessi þrjú ár og gimbrar undan leiguánum hafa verið settar á til að viðhalda fjártölunni. Riðu varð fyrst vart í fé Jóns Sveinssonar heima í Hvannstóði veturinn 1973/1974. 1974 fóru 2 ær úr riðu, 1975 fóru 2, 1976 og 1977 fór ein hvort árið, en eftir að féð var leigt að Hól hafa 10 ær farið úr riðu, 7 árið 1978, en 3 árið 1979. Leiguhjörðin kom smituð að Hól 1977, en þá voru 2 ær þegar farnar úr riðu á Hól.

Riða hefur líklega komið tvisvar upp á Hól, fyrst í fé Árna Sveinssonar, sem hætti búskap 1974 og síðar í hjörð Guðmundar Sveinssonar. Líklega hefur riða verið á byrjunarstigi í hjörð Árna er hann hætti búskap.

Grund 1.

Næst kom riðuveiki upp hjá Aðalsteini Sveinssyni á Grund 1. Fyrsta kind með riðu á Grund 1 kom haustið 1977 og var sú heimaalin, og var henni lógað. Haustið 1978 fór næsta kind á Grund 1 og var það hvít fullorðin ær, heimaalin. Haustið 1979 fóru 3 ær úr riðu, Mjóna f. 1973, Rjúpa f. 1971, Kolbrún f. 1972. Eftir að fé var tekið haustið 1979 var 4 kindum í viðbót lógað. Þoku f. 1976, Einhyrnu f. 1972, Litlumosu f. 1972 og Hálsu f. 1976. Allar eru ærnar, sem fengið hafa riðu á Grund 1 heimaaldar. Smitleið er óþekkt en samgangur er nokkurvið aðrar riðuhjarðir, mest þó við fé á Grund 2. Hannes Árnason á Grund 2 getur þess

að samgangur sé mikill við fé á Grund 1, einkum framan af vetri. Féð á Grundarbæjunum gengur saman í girðingu á haustin.

Merki.

1. Riðuveiki varð fyrst vart hjá Jóni Þ. Sigursteinssyni í Merki haustið 1977 þegar ær sem nefnd var Geita kom riðuveik að í haustgöngum í Brúnavík og var lógað þar. Geita var fædd vorið 1976 í Geitavík 2, en móðir hennar dagaði uppi og var fóðruð þar veturinn 1975/1976. Geita átti lamb vorið 1977, (þá veturgömul), sem kom með móður sinni um haustið. Geita var drepin vegna riðu lv.4m. gömul.
2. Næsta kind var drepin vegna riðu síðast í desember 1977. Sú hét Hálsa og var frá Hátúni, fædd 1975. Hálsa kom lambshaustið að Merki.
- 3.-6.Árið 1978 fóru 3 ær úr riðu, sem keyptar voru lambshaustið 1975 frá Grund 2, og þeirri fjórðu var lógað í september 1979, en alls komu haustið 1975 4 gimbrar frá Grund 2 að Merki.
- 7.-8.Riða kom einnig fram árið 1978 í kind sem fædd var á Svalbarði 1975, og önnur ær frá Svalbarði var drepin vegna riðuveiki á sauðburði 1979.
9. Árið 1978 fór önnur ær keypt frá Hátúni, fædd þar 1975.
10. Árið 1979 fór kind úr riðu sem fengin var frá Snotrunesi 1, haustið 1976, fædd þar 1974 og hét Esja. Alsystur hennar á Snotrunesi var lógað þar vegna riðuveiki 1979. Undan Esju var fædd 1977 kind sem hét Pésa og var henni lógað vegna riðu í október 1979.
- 11.-14.Riðuveiki í heimastofni á Merki byrjar fyrst haustið 1979, en þá fóru 4 ær, sem fæddar voru vorið 1977 í Merki (Pésa, Fífa, Urð, Stalla) og tvær ær aðrar. (15.-16.) (Mæða f. 1975 á Ósi og Harka f. 1976 í Merki).

Af framansögðu sést að riðuveiki í Merki er rakin til aðfenginna kinda frá Geitavík 2, Hátúni, Grund 2, Svalbarði og jafnvel Snotrunesi 1.

Athyglisvert er að riðusmit virðist vera fyrir hendi í Merki árið 1977. Geitu (no. 1) var lógað eins og áður sagði haustið 1977 í Brúnavík, og kom hún ekki í hús á Merki eftir vor 1977,

en Hálsu (no. 2) var lógað um áramótin 1977/1978. Ef ærnar 4 (no. 11-14), sem fæddar voru vorið 1977 í Merki smituðust um vorið, þá smituðust þær af kind sem ekki var farin að sýna fyrstu riðueinkenni. Fyrsta kind sem vart verður riðueinkenna hjá í Merkisfjárhúsunum er Hálsa, um jólaleitið 1977.

Snotrunes 1.

Fyrst var tekið eftir riðuveiki í Snotrunesi 1 hjá Péttri Eiðssyni árið 1978, en þá fóru 5 ær úr riðu, og 1979 fóru 6 ær úr riðu. Allar voru þessar ær heimaaldar nema ein (Gola), sem keypt var frá Geitavík 2 lambshaustið 1974, sem varð riðukind no. 2 á Snotrunesi 1.

Fyrsta kindin sem vitað er um að fékk riðu hét Hálsa, f. 1975, og lógað 4. febrúar 1978. Hálsa var undan kind, sem keypt var frá Árna Sveinssyni, Hól, lambshaustið 1974 en sú snöggdrapst úr garnaeitrun veturinn 1976.

Riðukind no. 2 var frá Geitavík 2, eins og áður er getið. Hún hét Gola, f. 1974, og var dótturdóttir Brands (63-051). Golu var lógað í maí 1978, eftir burð og lömbin vanin undir. Undan Golu voru til lifandi haustið 1979 tvær ær, fæddar 1975 og 1976.

Þriðja riðukindin á Snotrunesi 1 hét Írsa, f. 1976 og var Írsu lógað í október 1978. Írsa var heimaalin.

Fjórða riðukindin hét Héla f. 1976 og lógað í október 1978. Móðir Hélu var fædd 1973 á Hól en seld sama haust að Snotrunesi 1. Móðir Hélu drapst sennilega úr einhverskonar eitrun vorið 1976 að sögn eiganda.

Síðasta kindin, sem fór úr riðu á árinu 1978 hét Kola f. 1974. Kolu var lógað í nóvember og var hún heimaalin.

Á árinu 1979 fóru 6 ær úr riðu, allar heimaaldar. Fæðingar-ár þeira voru: 1 fædd 1971 (undan henni var ein þessara riðukinda, fædd 1977), ein var f. 1974, tvær 1976 og tvær 1977.

Hvernig riðusmit berst að Snotrunesi 1 er erfitt að fullyrða. Benda má á að Gola frá Geitavík 2 gat hafa komið smituð að Snotrunesi 1 og sýkt út frá sér. Einnig gat Gola smitast síðar, eða um svipað leyti og heimaaldar ær á Snotrunesi sýkjast. Bent skal á að tvær ær sem keyptar voru 1974 frá Hól drápust veturinn

1976, en ekki úr riðu. Engu að síður gátu þær verið smitaðar eins og raunar aldur þeirra kinda sem fóru úr riðu undan þeim gæti bent til. Ljóst er að smit er fyrir hendi á Snotrunesi 1 árið 1976 eða jafnvel fyrr en 4 ár af þeim 11 sem farnar voru úr riðu í árslok 1979 voru fæddar 1976. Sé hegðan riðuveiki í Snotrunesi borin saman við aðrar hjarðir í Borgarfirði eystra vaknar grunur um að fyrsta tilfelli riðuveiki hafi verið þar fyrir hendi um 1976.

Í þessu sambandi má geta þess að tvær kindur sem seldar voru frá Snotrunesi 1 árið 1976 hafa farið úr riðu: Pétursey fór haustið 1978 á Hól (2v.4m.) og Esja fór í Merki í október 1979 (5v.5m.). Ekki er þó víst að þessar ær hafi farið sýktar frá Snotrunesi 1.

Hugsanlega má rekja riðuveiki á Snotrunesi til hjarðar Árna Sveinssonar á Hól, eða Golu frá Geitavík 2. Einnig skal bent á að samgangur hefur verið nokkur við riðuhjarðir í Geitavík, Framnesi og Svalbarði.

Desjamýri.

Riðu varð fyrst vart hjá Sigmari Ingvarssyni, í apríl 1978. Sú kind hét Tígla og var heimaalin. Hún var fædd 1975 og var undan kind sem hét Laufa, er keypt var frá Árna Sveinssyni á Hól lambshaustið 1973. Laufa lifir haust 1979. Tígla var fyrst grunuð um riðuveiki í apríl 1978. Var hún þá tekin frá fénu og sett sér í kofa, látin bera og síðan sleppt, en hún gekk austan Desjamýrarlands. Um haustið sá Sveinn Björnsson í Hvannstóði Tíglu á afrétt, með greinilega riðuveiki, og var henni lógað. Ekki er vitað hvernig Tígla smitaðist, en nokkru samgangur er við fé frá Sólbakka. Líklega smitaðist Tígla 1975 eða 1976.

Einungis tvær ær voru farnar úr riðu um áramótin 1979/1980 á Desjamýri. Hin ærin var heimaalin og hét Stássleg f. 1977. Hún gekk í Víkum og haustið 1979 kom hún þar riðuveik á réttir, (2v.4m.). Stássleg var lógað í september 1979. Lambið undan henni vóg 19.0 kg. Ekki er vitað hvernig Stássleg smitaðist, en líklega mun hún hafa smitast um eða eftir fæðingu þ.e. árið 1977.

Hér eru tengsl við hjörð Árna Sveinssonar á Hól. Móðir þeirrar kindar, sem fyrst fékk riðuveiki (þ.e. Laufa) var fædd á Hól 1973, og lifir hún enn. Hugsanlegt er að riðukindin Tígla hafi smitast af Laufu, sem sé smituð þótt ekki beri á henni. Um smitleið riðuveiki að Desjamýri er afar lítið hægt að segja, og ekkert er vitað hvernig Stássleg smitaðist. Fróðlegt verður að sjá hvenær riðuveiki kemur næst fram á Desjamýri og hvernig hún hagar sér þar, því samgangur Tíglu og Stássleg við annað heimafé er nokkuð vel þekktur.

Jökulsá.

Fyrst bar á riðu hjá Þorsteini Kristjánssyni á Jökulsá í nóvember 1979 og var það kind sem hét Svertla, f. 1977 og var hún keypt frá Hátúni lambshaustið. Líklega kom Svertla smituð að Jökulsá, en hún varð 2v.6m.

Næsta kind sem fékk riðu var no. 260 f. 1977, og keypt lambshaustið frá Guðmundi Sveinssyni, Hól. Henni var lógað í desember 1979 (2v.7m.).

Þriðja kindin var no. 235 f. 1977, og var hún keypt frá Hátúni lambshaustið. Henni var lógað um áramótin 1979/1980 (2v.7m.). Einungis þrjár kindur voru farnar úr riðu á Jökulsá í ársbyrjun 1980. Þorsteinn Kristjánsson hóf búskap 1977 og keypti þá (fékk sumar gefins) alls 50 gimbrar (24 frá Hátúni, 10 frá Hvannstöði, 10 frá Hofströnd, 2 frá Hól, 3 frá Svalbarði, 1 frá Ósi), og tvo lambhrúta frá Framnesi. Auk þess voru keyptar að Jökulsá 1974 frá Jóni Björnssyni, Geitavík 2, 20 ær, allar 2-4 vetra gamlar. Geitavíkurærnar hafa verið undir smásjá að sögn Þorsteins. Hugsanlegt er að 2 þeirra gætu hafa farið úr riðu (hurfu á fjalli), en eigandi vill ekkert fullyrða um það.

Haustið 1977 settu Þorsteinn og Kristján Þorsteinsson faðir hans alls 94 lömb á vetur, þar af 50 aðfengin. Má búast við að riða fari vaxandi á Jökulsá á árinu 1980 og athyglisvert verður að fylgjast með hvenær fyrsta heimaalda gimbrin, f. 1977 fer úr riðuveiki á Jökulsá.

Hólaland.

Á árunum 1972-1974 notuðu Hvannstóðsmenn fjárhúsin á Hólalandi og fóðruðu þar fé. Vorin 1975-1979 notuðu þeir einnig fjárhúsin á sauðburði.

Árið 1974 tóku Anton Þorsteinsson og Rúnar Halldórsson frá Húsavík eystra, Hólaland á leigu og hófu þar búskap. Undir vor ár hvert ráku þeir fé sitt til Húsavíkur þar sem þeir létu það bera, en fé frá Hvannstóði var flutt í Hólalandsfjárhúsin eins og áður er sagt. Haustið 1979 hættu Hólalandsbændur búskap og var öllu fénu lógað nema 15 kindum (10 fóru í Hvannstóð, 3 fóru að Hól, en 2 að Árgarði). Anton Þorsteinsson og Rúnar Halldórsson hirtu fé sitt, sitt í hvoru lagi, þannig að eiginlega var um 2 aðskildar hjarðir að ræða á Hólalandi. Haustið 1979 hafði 1 kind hjá hvorum fengið riðuveiki og voru þær báðar aðfengnar úr riðuhjörðum.

Anton Þorsteinsson missti kind úr riðu, sem hét Laufnös, f. 1976 á Hofströnd, og keypt þaðan lambshaustið. Laufnös var lógað í janúar 1979 (2v.7m.).

Rúnar Halldórsson missti kind úr riðu sem hét Tinna, f. 1976 í Hátúni, og keypt þaðan haustið 1977, veturgömul. Tinna var lógað í janúar 1979 (2v.7m.) Riðuveiki varð ekki frekar vart á Hólalandi vorið 1979. Af þeim 15 kindum sem eftir lifðu úr Hólalandshjörðinni haustið 1979 voru 2 farnar úr riðuveiki vorið 1980, en þær voru báðar fóðraðar í Hvannstóði veturinn 1979/1980. Báðar voru ærnar af heimastofni á Hólalandi, fæddar 1977, og slátrað í marslok 1980 (2v.10m.). Báðar voru þær undan sama hrútnum (Friðjóns Mosa), en hann var sonarsonur Brands í Geitavík 2 Hvenær eða hvernig þessar ær hafa smitast er óvíst. Ef þær smitast af Laufnös eða Tinna, sem áður var getið, gerist það áður en riðueinkenna verður vart í umræddum kindum.

Athyglisvert er að 2 fyrstu kindurnar sem fengu riðuveiki á Hólalandi voru aðfengnar úr riðuhjörðum, en ekki heimaaldar. Riðuveik hjörð (Hvannstóðsféð) bar samt sem áður í Hólalandsfjárhúsunum, allt frá því riðu varð fyrst vart í Hvannstóði 1973. Hugsanlegt er að ærnar frá Hólalandi, sem fengu riðuveiki í mars 1980 hafi smitast vegna áðurgreindra tengsla við Hvannstóðs-

hjörðina eftir vorið 1977, en þá um vorið fæddust umræddar kindur.

Fyrir þann tíma er nokkuð víst að Hólalandshjörðin smitast ekki af riðuveiki þrátt fyrir dvöl riðuveikrar hjarðar í Hólalandshúsunum, allt frá 1972 eins og áður hefur verið lýst. Dæmi þetta bendir til að riðuveiki sé ekki bráðsmitandi í tilfellum sem þessum.

Riðuveiki kom upp í 3 hjörðum í Borgarfirði frá áramótum 1979/1980 fram á vor, þar sem hennar hafði ekki áður orðið vart. Stuðst er við skýrslur sem riðunefnd í Borgarfirði tók um þessar kindur hér á eftir.

Skriðuból.

Ein kind hjá Svavari Björnssyni, Skriðubóli fór úr riðu vorið 1980. Hét hún Lísu, hníflótt, móruflekkótt, f. 1977. Vart varð riðuveiki í Lísu í aprílbyrjun 1980 og var henni lógað í lok apríl 1980, (tæplega 3v.). Lísu var fædd hjá Skúla Andréssyni á Framnesi og seld Svavari Björnssyni lambshaustið 1977. Fyrsta riðuveika kindin á Skriðubóli var því aðkeypt og kom að öllum líkindum smituð frá Framnesi.

Sæbakki.

Fyrsta ærin hjá Ásgrími Bjargsteinssyni sem fékk riðuveiki hét Mosa og var hún mórauð. Ekki hafði borið á fleiri tilfellum riðu vorið 1980. Mosa var fædd 1975 í hjörð Daniels Pálssonar í Geitavík 1, undan Blæ Brandssyni og Stefnu, en Stefna var þá um veturinn fóðruð í hjörðinni í Geitavík 1, en hún var eign Ásgríms Bjargsteinssonar. Hvort Mosa smitaðist í Geitavík 1, eða hvort hún smitaðist síðar af riðufé Ásgeirs Arngrímssonar, Svalbarði, sem fóðrað hefur fé Ásgríms Bjargsteinssonar síðastliðin ár, er ekki hægt að segja um.

Snotrunes 2.

Undir vor 1980 var fyrsta ærin í hjörð Andrésar Hjaltasonar

Snotrunesi 2, grunuð um riðuveiki. Ær þessi hét Smokka og var hún svartfleckótt, hyrnd. Var hún grunuð um riðuveiki í rúman hálfan mánuð áður en hún drapst úr lungnapest (12. maí 1980). Riðuveiki var staðfest með vefjaskoðun á Keldum.

Smokka fæddist á Hofströnd vorið 1977, en seld lambshaustið að Snotrunesi 2, ásamt þremur gimbrum öðrum. Riðuveiki á Snotrunesi 2, er því rakin til Hofstrandar. Einungis þessi eina ær var farin úr riðu vorið 1980, á Snotrunesi 2.

Brautarholt.

Búskap var hætta haustið 1979 í Brautarholti og keypti Guðmundur Sveinsson á Hól kindur af Birni Ólafssyni, Brautarholti en þar hafði riðu ekki orðið vart. Fyrsta riðutilfellis í Brautarholtshjörðinni varð vart í janúarbyrjun 1980, í kind sem hét Gráflekka, f. 1977, en þá var Gráflekka orðin eign Guðmundar Sveinssonar.

Ef Brautarholtshjörðin hefði verið áfram eign Björns Ólafssonar hefði Gráflekka orðið þar fyrsta riðukind og líklega smitað hjörðina. Gráflekka var aðkeypt að Brautarholti, frá Svalbarði. Móðir Gráflekku hét Sturlun (75-340), og var henni lógað sama dag og Gráflekku vegna riðuveiki í Svalbarðshjörðinni. Gráflekka var 2v.8m. er henni var lógað, en móðir hennar 4v.8m.

Gilsárvöllur 3.

Einn er sá bærinn ótalinn, sem riða hefur verið á til nokkuð langs tíma. Bærinn sem hér um ræðir er Gilsárvöllur 3. Eigandinn, Björn Jónsson telur sig ekki missa fé úr riðu fyrr en haustið 1975, en 1976 nær riða hámarki (4. mynd), en hefur farið heldur minkandi síðan. Líklega hefur farið í smáum stíl úr riðu á Gilsárvöllum 3 fyrir 1975, þótt eigandi telji að svo sé ekki. Benda má á að 9 ær frá Gilsárvöllum 3 voru fóðraðar í Odda veturinn 1970/1971, en þá var riðuveiki komin í Odda eins og áður er getið. Ekkert skal fullyrt um riðuveiki á Gilsárvöllum 3 fyrir 1975 en bent skal á að mikið smit hlýtur að hafa átt sér stað árið 1972 eða 1973 í hjörðinni, því mikil

afföll voru vegna riðu 1975 í þessum árgöngum. Einhver samgangur mun hafa verið á fé milli Gilsárvalla 1 og 3. Fé frá Gilsárvöllum 3 var m.a. hirt að einhverju marki í fjárhúsunum á Gilsárvöllum 1 eftir að Þorleifur Jónsson hætti að nota fjárhúsin nema á vorin.

Rétt er að taka fram að Björn Jónsson er annarrar skoðunar um upptök riðuveiki í Borgarfirði, heldur en hér hefur verið lýst og er byggð á samdóma áliti Borgfirðinga, ef Björn Jónsson er undanskilinn. Telur Björn að upptaka riðuveiki sé ekki að leita á Gilsárvöllum 1, heldur hafi riðuveiki komið upp í nokkrum hjörðum í Borgarfirði um svipað leyti og smitun þeirra megi ekki rekja til hjarðarinnar á Gilsárvöllum 1. Þessi skýring er mun langsóttari heldur en að rekja smitleiðir að Gilsárvöllum 1, eins og hér hefur verið gert. Ekki bendir Björn á smitleiðir.

Hefur nú verið fjallað um fyrstu tilfelli riðuveiki í öllum þeim hjörðum í Borgarfjarðarhreppi sem veikinnar hafði orðið vart í fram til vors 1980. Einungis 3 hjarðir hafa sloppið til þessa: Borg í Njarðvík (en þar voru 284 kindur á fóðrum veturinn 1979/1980), Sigtún (24) og Árbær (21). Borg er landfræðilega afmörkuð af Njarðvíkurskriðum (1. mynd), en Sigtún og Árbær eru í Bakkagerðisþorpi.

Alls hefur í skýrslu þessari verið aflað gagna um smitleiðir riðuveiki í 32 aðskildar hjarðir (Tafla 4). Í töflu 4 er dregin saman þekking á smitun þessara hjarða í 3 flokka:

- a) Riðuveiki í hjörðinni er rakin til riðusmitaðs aðfengins fjár, eða þekkts samgangs við riðuveikt fé, sem talin var leiða til smitunar.
- b) Smitleið óþekkt.
- c) Smitleið óviss, en í nokkrum hjörðum komu fram vísbendingar um að rekja mætti smit til aðfenginna kinda úr riðuhjörðum.

Niðurstöður Töflu 4 sýna að smitleið riðuveiki er rakin til aðfengins riðusmitaðs fjár í 19 hjarðir (þó einungis í afmarkaðan hluta þriggja þessara hjarða). Auk þess er þekkt smitleið riðuveiki í 3 hjarðir (Höfn, Hátún, Sæbakka), en á þessum bæjum var þekktur samgangur fyrstu riðukinda við riðuveikt fé annars staðar í hreppnum. Alls eru þetta 22 hjarðir.

Ekki er þekkt smitleið riðuveiki í 5 hjarðir (og 2 hjarðarbrot).

Vísbendingar liggja fyrir um hvernig rekja má smitun 5 hjarða (og eins hjarðarbrots) til aðfenginna kinda úr öðrum riðuhjörðum.

Ef hjarðahlutarnir 3 eru gerðir að sjálfstæðum smithópum gæti heildarniðurstaða Töflu 4 hljóðað svo:

Af alls 35 hjarðarhópum er talið að rekja megri riðusmit til samgangs við riðusmitað og riðuveikt fé í 22 tilfellum. Auk þess hugsanlega í 6 tilfellum í viðbót. Í 7 tilfellum af 35 er óþekkt um smitleið riðuveiki. Hvað 7 síðaóstnefndu tilfellið áhrærir má benda á að í nokkrum tilfellum (a.m.k. Gilsárvöllum 2, Geitavík 1 og Grund 1) var riðuveiki komin upp á bæ við hliðina. Stutt er milli bæja í þessum tilfellum (1. mynd), tvíþýli er í Geitavík og á Grund, en þríþýli er á Gilsárvöllum.

Hegðan riðuveiki í einstökum hjörðum.

Höfundur safnaði upplýsingum um afföll af völdum riðuveiki á einstökum bæjum í Borgarfirði eystra (Tafla 2). Nær Tafla 2 fram til ársloka 1979, en neðst er getið 4 hjarða sem riðuveiki var fyrst staðfest í veturinn 1980. Aftast í töflu 2 er fjöldi riðukinda frá upphafi sýndur á hverjum bæ. Gögn þau sem Tafla 2 er byggð á eru úr nokkrum áttum: Haldbestu heimildir eru fjárbækur og voru þær víðast hvar notaðar. Einnig var stuðst við 3 bréf til Páls A. Pálssonar yfirdýralæknis frá Birni Jónssyni í Geitavík 2 (Dagsett 8/6 1976, 1/9 1978 og janúar 1979), sem og samantekt oddvita Borgarfjarðarhrepps, Magnúsar Þorsteinsonar í Höfn um "vanhöld af völdum riðuveiki frá veturnóttum 1977 til veturnátta 1978." Frá og með ársbyrjun 1979 hafa verið fyllt út eyðublöð fyrir Sauðfjarveikivarnir vegna bótageiðslna á fé sem lógað er vegna riðuveiki. Höfundur hafði bótaskýrslur þessar undir höndum sem og afrit af fódurbirgðaskýrslum fyrir árin 1969-1979.

Út frá upplýsingum úr Töflu 2 og fódurbirgðaskýrslum er hægt að sýna hegðan riðuveiki í einstökum hjörðum (4. mynd). 4. mynd sýnir hlutfall þeirra kinda, sem fengið hafa riðuveiki

á hverju ári, allt frá því ári er riðu varð fyrst vart á viðkomandi bæ. Hlutfallið er reiknað út frá fjölda fullorðins fjár (eldra en 1. vetrar) út frá fjöldatölum úr fôðurbirgða-skýrslum annars vegar og niðurstöðum Töflu 2 hinsvegar. Efst t.v. á 4. mynd eru þeir bæir, sem riðuveiki hefur herjað lengst og er bæjum raðað í tímaröð eftir því hvenær riðuveiki varð vart. Verður hér á eftir fjallað nokkuð um 4. mynd og hún skýrð.

a) Einkennandi er á flestum bæjum að fyrsta eða fyrstu tvö árin eftir að riðuveiki kom í ljós eru afföll mjög lítil af völdum veikinnar (4. mynd, Tafla 2) en síðan aukast afföll, sem oft ná hámarki 3-5 árum eftir að veikinnar varð fyrst vart.

Riðuveiki virðist hugsanlega hafa náð hámarki í nokkrum hjörðum í Borgarfirði, þar sem afföll hafa farið minnkandi, (Sólbakki og jafnvel víðar), víðast er veikin vaxandi (4. mynd).

Nokkuð mismunandi er hversu langur tími líður þar til riðuveiki nær hámarki. Á bæjunum Grund 2 og Hvannstöði voru afföll hlutfallslega mest á árinu 1979, en riðuveiki varð fyrst vart á Grund 2 1971, (4. mynd) en 1973 í Hvannstöði. Skýring þessa er sú að báðar þessar hjarðir voru hafðar í tvennu lagi fyrst þegar riðu varð vart. Báðar hjarðirnar voru hýstar í fleiri en eitt fjárhús og einungis hluti hvorrar hjarðar smitaðist til að byrja með (sjá nánar bls. 21 og 25-28).

Við athugun á 4. mynd er ljóst að búast má við auknum afföllum af völdum riðuveiki á mörgum bæjum í Borgarfirði á komandi árum, þar sem riðuveiki hefur tiltölulega nýlega verið staðfest þar í fjölmörgum nýjum hjörðum.

Fróðlegt verður að fylgjast með því að komandi árum hvaða áhrif störf riðunefndar og Sauðfjárveikivarna hafa á afföll af völdum riðuveiki, en frá ársbyrjun 1979 hafa riðunefndarmenn í Borgarfirði farið með vissu millibili og leitað riðuveikra kinda í öllum hjörðum í Borgarfirði eystra og lógað þegar í stað. Einnig fylla riðunefndarmenn út ákveðið form (sýnishorn aftast í skýrslu) um hvern riðusjúkling. Þar er getið m.a. ættar og skyldleika við aðra riðusjúklinga.

Áhrif þessara aðgerða koma varla í ljós fyrr en að nokkrum árum liðnum, svo fremi að þeim verði haldið áfram.

b) Á Sólbakka (bls. 22) náði riðuveiki hámarki árið 1975, en síðan hefur mjög dregið úr afföllum (4. mynd). Aðalorsök minnkandi affalla er talin sú að eigandi lógaði þegar haustið 1975 nánasta skylduliði þess fjár er þá hafði fengið riðuveiki, sem og því fé er eigandi taldi næmt fyrir riðuveiki. Tölulega lýsa fôðurbirgðaskýrslur aðgerðum þessum þannig: Veturinn 1973/1974 voru 125 fullorðnar ær á fôðrum á Sólbakka, veturinn 1975/1976 einungis 40, en veturinn 1979/1980 hafði þeim fjölgað upp í 78.

Erfitt reynist í tilfellum sem þessum að ná fjárfjölda upp á nýjan leik eftir að hafa lógað "riðunæmum einstaklingum" án þess að skyldleikarækta féð. Þarf utanaðkomandi óskyldan "riðuónæman" hrút til að fjölga megi fé á nýjan leik. Af þessum sökum er þýðingarmikið, sé hrútur keyptur inn í riðuhjörð úr annari riðuhjörð innan hrepps, að hrúturinn sé valinn út af ættum sem lítið fer af úr riðuveiki.

Svipaðan árangur og lýst var á Sólbakka má sjá í Odda (4. mynd), en þar hefur verið lógað skylduliði þeirra kinda er fengu riðuveiki. Athyglisvert er þó að afföll í Odda aukast skyndilega árið 1979 (Tafla 2).

c) Talið er að aukin afföll á árinu 1979 í Odda, eftir að riðuveiki hafði lítið gert vart við sig undanfarin 3 ár, megi rekja að einhverju leyti til þriggja hrúta, sem notaðir voru á árunum 1976 og 1977. Reyndust þeir allir gefa af sér "riðunæma einstaklinga". Alls 9 ær fóru úr riðu árið 1979 í Odda, 2 þeirra voru fæddar 1976, en 7 árið 1977. Tvær þessara kinda (f.1976) voru undan hrút, sem Bjartur hét, en Bjartur drapst úr riðuveiki. Bjartur var keyptur frá Hól. Undan Bjarti var annar hrútur sem hét Spakur og var hann faðir 2ja áнна, sem báðar voru fæddar 1977. Þriðji hrúturinn var einnig "riðunæmur" en hann hét Prúður og var aðkeyptur, frá Ósi, þá úr ósýktri hjörð að því að talið var, er kaupin fóru fram. Svo óheppilega tókst samt til að Prúður var undan þeirri kind sem fyrst fékk riðu á Ósi, (Þ.e. Rák frá Hól, sjá bls. 33). Alls 5 dætur Prúðs, allar fæddar 1977, fóru úr riðuveiki árið 1979.

Eftir því sem hér hefur verið rakið, er hægt að sýna fram á tengsl allra þeirra kinda, sem fóru úr riðuveiki á árinu 1979

við "riðunæma feður". Ef mæður þessara 9 kinda eru athugaðar alls 8 talsins (tvílembingar undan einni) eru athugaðar kemur í ljós að 4 mæðranna fengu riðuveiki en 4 ekki. Áðurgreindar upplýsingar eru fengnar úr bótaskýrslum Sauðfjarveikivarna.

d) Mjög mikill munur er á afföllum af völdum riðuveiki milli einstakra býla í Borgarfirði eystra (4.mynd).

Einna mestu afföll miðuð við fjárfjölda hafa verið í Geitavík 2, en minnst hafa þau verið í Höfn. Segja má að afföll í öðrum hjörðum liggi á milli affalla í áðurgreindum hjörðum.

Í Höfn voru aðeins 9 ær farnar úr riðu vorið 1980, en riðu varð fyrst vart í hjörðinni í desember 1974, er fyrstu kindinni var lógað. Árið 1976 fór næsta ærin, 1977 fóru 2, sömuleiðis 1978, en ein 1979. Fram á vor 1980 var tveim ám lógað vegna riðuveiki. Hegðan riðuveiki í Höfn er nokkuð sérstæð miðað við aðra bæi í Borgarfjarðarhreppi og hafa ýmsir hallast að því að hjörðin hafi til þessa verið lítt smituð. Meðferð fjár í Höfn er nokkuð sambærileg við meðferð annars fjár í hreppnum. Eitt fjárhús er notað, byggt 1960, en var einangrað 1978. Grindur eru í húsinu og brynnt er inni í döllum, sem vatn er látið renna í. Féð ber á vorin inni eða í hölfum heimavið. Engin önnur húsdýr en kindur eru í Höfn, og heildarfjöldi fjár hefur verið svipaður (um 220 kindur) til margra ára. Þess má geta að eigandi segist ekki vera fjárglökkur og telur sig ekki geta rakið ættir kinda sinna.

Í Geitavík 2 hafa afföll af völdum riðuveiki verið hvað mest í Borgarfjarðarhreppi, en þar varð riðu vart um svipað leyti og í Höfn, eða haustið 1974 (sjá bls. 28). Árið 1976 fóru 26 ær úr riðuveiki 18 1977, um 28 1978 og 18 1979. Hjörðin hefur farið síminnkandi á þessum árum, úr 142 vetrarfóðruðum á 1974/1975 í 52 1979/1980.

Nokkrar vísbendingar liggja fyrir um að hjörðin í Geitavík 2 hafi verið næmari fyrir riðuveiki en gengur og gerist með annað fé í hreppnum. Frá Geitavík 2 var allmikið um hrútasölur allt fram til 1974. Voru einkum seldir þaðan hrútar undan eða útaf gráum hrút sem Brandur hét (63-051) (sjá nánar bls. 11). Allmargir aðilar hafa bent á að fé út af Brandi sé næmara fyrir

riðuveiki en fé óskylt honum. Í Hvannstóði er tölulega hægt að bera saman 2 hrúta sem notaðir voru á svipuðum tíma, þ.e. Þokka Brandsson (69-141) og hinsvegar óskyldan hrút Kóng (68-140) sem var frá Húsavík (Tafla 3). Samanburður þessi leiðir í ljós mikinn mun á næmi afkomenda Þokka og Kóns fyrir riðuveiki, þar sem 24% afkomenda Þokka höfðu fengið riðuveiki, en einungis 7% afkvæma Kóns í maí 1980. Athyglisvert reyndist þegar skyggst var í ættartölur mæðra riðukindanna undan Kóngi að allar ærnar voru skyldar Þokka í móðurætt. M.ö.o., engin kind hafði farið úr riðuveiki undan Kóngi vorið 1980, sem ekki var skyld Þokka en samt voru hrútar þessir notaðir í svipuðum mæli á sama tíma í Hvannstóði (Tafla 3).

Fleiri sauðfjáreigendur heldur en Hvannstóðsmenn hafa bent á að fé út af Brandi sé næmara fyrir riðu en fé honum óskylt þótt ekki sé það rakið í smáatriðum. Sauðfjáreigendur á eftirtöldum bæjum eru þessarar skoðunar: Grund 2, Svalbarði, Geitavík 1 ^{Hofströnd,} Hól, Gilsárvöllum 3 og Felli í Breiðdal, auk Hvannstóðs sem áður var getið. Á öllum þessum bæjum voru notaðir hrútar undan Brandi. Á Grund 2 voru notaðir 2 hrútar undan Brandi, sem báðir fengu riðuveiki, í Hvannstóði voru 2 hrútar undan Brandi, sömuleiðis á Hól, en einn hrútur undan Brandi var til á hverjum hinna bæjanna. Eftirtektarvert er að í þessari upptalningu eru flestir þeir bæir sem riðuveiki hefur herjað lengst og ætla mátti að mest reynsla væri komin á hvort fé sé næmt eða ónæmt fyrir riðuveiki. Riðuveiki er það nýtilkomin á mörgum bæjum að reynsla á hvort ákveðnar ættir séu næmari öðrum, er enn ekki fyrir hendi.

Af þessu sem hér hefur verið lýst má draga þá ályktun að hjörð: í Geitavík 2 hafi verið tiltölulega næm fyrir riðuveiki, þá einkum og sér í lagi það fé, sem skylt var Brandi.

Björn Jónsson í Geitavík 2 getur þess sérstaklega að ær undan Brandi séu afar næmar fyrir riðuveiki. Alls 43 ær voru til lifandi undan Brandi haustið 1974 í Geitavík 2. Langflestar þeirra fengu riðuveiki og enduðu ævi sína þannig. Á árinu 1979 voru síðustu ærnar undan Brandi 6 talsins, að tínast upp úr riðuveiki, en Brandi var lógað 1972. Þessar 6 ær voru fæddar á árunum 1969-1972, m.ö.o 7-10 vetra gamlar.

Mjög mikil afföll 1976 í Geitavík 2 gefa til kynna að mikið smit hafi þá þegar sem og undangengin 2 ár verið fyrir hendi í hjörðinni. Því er eftirtektarvert að ærnar undan Brandi skuli fara á jafnlöngum tíma og raun ber vitni, en þær voru allar fæddar vorið 1972 eða áður.

Ærin sem bar riðusmitið að Geitavík 2 var aðfengin. Riðu-tilfelli no. 2 var ær undan Brandi, fædd 1970, og varð riðu vart í henni í apríl 1975. Brandsdætur drepast því af völdum riðuveiki á árunum 1975-1979, eða á fjögurra ára tímabili. Líklega má draga þá ályktun af því sem hér hefur verið sagt að þær Brandsdætur sem fyrst fengu riðuveiki (á árunum 1975 og 1976) hafi verið mótstöðuminni fyrir veikinni heldur en þær sem fóru allt að 4 árum síðar.

Ekki verður fjallað nánar um 4. mynd en hér hefur verið gert. Það skal áréttað að fjallað var um hverja hjörð fyrir sig bls. 18-44. Vakni frekari spurningar, en hér hefur verið leitast við að svara varðandi 4. mynd er svara hugsanlega að leita á áðurgreindum síðum.

Aðrar upplýsingar.

Nú verður í stuttu máli fjallað um nokkur atriði er talin voru tengjast riðuveiki á einn eða annan hátt. Bændur á Austurlandi voru spurðir nokkurra spurninga og verður gerð grein fyrir svörum þeirra í nokkrum afmörkuðum köflum hér á eftir.

1. Leitað var upplýsinga um hildaát sauðfjár meðal bænda á riðusvæðum á Austurlandi. Alls voru 31 spurðir hvort þeir hefðu séð kind éta sínar eigin hildar. Játandi svöruðu 27 (87%) en 4 (13%) höfðu ekki tekið eftir að kindur ætu hildar sínar.

Einnig var spurt hvort tekið hefði verið eftir að kindur ætu hildar hver frá annarri. Um fjórðungur spurðra (27%) kváðust hafa tekið eftir því, en 73% höfðu ekki tekið eftir því.

Yfirleitt töldu bændur hildaát sauðfjár heldur sjaldgæft, ein og ein kind æti hildar sínar og mun sjaldgáfara virðist að kindur éti hildar hver frá annarri.

2. Leitað var upplýsinga um meðferð hilda sauðfjár á sauðburði. Í grófum dráttum leiddu niðurstöður í ljós að verulegar

hluti hilda fer niður um grindur í grindafjárhúsum, sé fé látið bera inni. Grindur eru í um 90% fjárhúsa á riðusvæðum Austanlands. Einungis á síðasta ári eða allrasíðustu árum munu bændur hafa farið að meðhöndla hildar m.t.t. riðusmithættu af þeirra völdum. Einungis hluti bænda viðhefur varúðarráðstafanir gagnvart hildum (safna þeim saman, grafa eða brenna), en margir henda hildum út úr húsum á skíthaug, í gryfjur eða á víðavang, þar sem hundar, hrafnar, máfar o.fl. dýr eiga auðveldan aðgang að. Einhver hugarfarsbreyting virðist þó hafa orðið á síðustu árum, í þá átt að minnka smithættu sem stafað gæti af hildum. Hér má minna á að legvatn er afar torvelt að fjarlægja úr fjárhúsum. Kindur eiga einnig til að taka lömb hver frá annari, einkum ef þétt er á fé við burð og kara þá oft lömb annarra kinda.

3. Með það fyrir augum að hægt væri að sýna fram á tengsl riðuveiki annars vegar við einhverja utanaðkomandi þætti hinsvegar, var sérstaklega leitað upplýsinga um eftirtalin atriði í hverri riðuhjörð: Hirðingarform og meðferð fjár allan ársins hring, gerð og gæði fjárhúsa, samvist sauðfjár með öðrum tegundum dýra, fôðrun, lyfja- og hressiefnanotkun, aðra sjúkdóma eða óþrif í fé, aðferðir við bólusetningu, mörkunartíma lamba og fleiri atriði mætti telja. Í stuttu máli sagt kom höfundur ekki auga á að samband væri milli riðuveiki og áðurnefndra atriða.

Þó skal bent á þá staðreynd, að þar sem riðuveiki hefur valdið minnstum afföllum í Borgarfirði, þ.e. í Höfn, (sjá bls. 29) eru engin önnur húsdýr höfð en sauðfé, (þ.m.t. hundar, kettir og hænsemi).

Þess má geta að meðferð og aðbúnaður sauðfjár á síðari árum er mjög sambærilegur frá einum bæ til annars í Borgarfirði eystra, og því erfitt um vik að kanna áhrif utanaðkomandi þátta á hegðan riðuveiki. Breytileg afföll milli hjarða tel ég að rekja megi að stórum hluta til næmi hjarðarinnar fyrir riðuveiki er hún smitast. Verður það ekki skýrt frekar hér, en athuganir á ættartengslum riðukinda í hjörðum, sem afföll hafa verið mismunandi (Hvannstóð, Geitavík 2), leiða hugsanlega eitthvað í ljós er skýrt getur þessa hluti.

Samandregnar niðurstöður.

Riðuveiki í sauðfé varð fyrst vart í tveimur hreppum Austanlands, um svipað leyti, þ.e. í Neðra Miðbæ í Norðfjarðarhreppi vorið 1969 og haustið 1969 í Odda í Borgarfjarðarhreppi. Engin tengsl eru þekkt milli áðurgreindra bæja.

Fyrsta riðuveika ærin í Odda var fædd 1967 og uppalin á Gilsárvöllum 1 í Borgarfirði eystra. Uppruni riðuveiki er rakinn að Gilsárvöllum 1. Kindur sem þaðan dreifðust haustið 1968 urðu fyrstu kindur sem fengu riðuveiki í þremur hjörðum í Borgarfjarðarhreppi (Odda, Sölbakka og Grund 2), og einnig að öllum líkindum á Hólalandi og Svalbarði. Alls eru þetta 5 hjarðir. Einnig er hugsanlegt að riðuveiki hafi borist að Felli í Breiðdal með fjárflutningum úr Borgarfirði eystra, en 1969 var flutt fé að Felli frá Gilsárvöllum 1 og 1971 frá Hólalandi.

Vorið 1980 hefur riðuveiki orðið vart í 30 aðskildum hjörðum í Borgarfjarðarhreppi. Einnig hefur riðuveiki dreifst út fyrir hreppinn a.m.k. að Gilsárteigi í Eiðahreppi og e.t.v víðar.

Riðuveiki hefur ekki orðið vart hjá þremur sauðfjáreigendum í Borgarfjarðarhreppi. Útbreiðsla riðuveiki hefur verið mjög jöfn. Veikin hefur gert vart við sig á 2-4 nýjum bæjum ár hvert frá 1971 til vors 1980 (3. mynd).

Riðuveiki breiðist fyrst og fremst út frá smituðum riðuveikum kindum með fjárflutningum (kaupum, sölum, nánum samgangi við riðuveikt fé, fóðrakindum, lánsfé, leigukindum). Flutningur smitaðra kindna úr hjörð, sem síðar er staðfest í riða, hefur í mörgum tilfellum leitt til aukinnar útbreiðslu riðuveiki.

Niðurstöður um smitleiðir riðuveiki í þá 35 hjarðarhópa (sjá bls. 44-45), sem getið er í Töflu 4 eru í stuttu máli:

Fyrsta eða fyrstu kindur, sem fengu riðuveiki í 19 hjarðarhópum af 35, voru aðfengnar úr riðuhjörðum. Í 3 hjörðum er þekktur samgangur fyrstu riðutilfella við riðuveikt fé annars staðar í hreppnum. Hvað 6 hjarðarhópa í viðbót snertir, liggja fyrir vísbendingar um að smitun megihugsanlega rekja til aðfenginna kindna úr riðusmituðum hjörðum.

Smitleið riðuveiki er óþekkt í 7 tilfellum af 35. Þar er meðtalin hjörðin á Gilsárvöllum 1. Þrjár þessar hjarðir (Geitavík Gilsárvellir 2 og Grund 1) (Tafla 4) hafa þó verið í nábýli við riðuveikar hjarðir, en tvíbýli er á Grund og í Geitavík en þríbýli á Gilsárvöllum.

Af þessum niðurstöðum má ráða að riðusmitaðar kindur eru langsamlega atkvæðamestar við að breiða sjúkdóminn út. Telja verður þó að riðuveiki geti borist í hjörð án þess að riðusmituðum kindum sé um að kenna, eins og áður er leitt líkum að varðandi smitun á Gilsárvöllum 1 og Neðra Miðbæ. Ekkert er þekkt um hvað olli riðuveiki á þessum 2 síðastnefndum bæjum.

Riðuveiki virðist hafa náð hámarki í nokkrum hjörðum í Borgarfjarðarhreppi, en hlutfallsleg afföll hafa farið minnkandi í þessum hjörðum (4. mynd).

Riðuveiki fer hægt af stað í hverri hjörð og veruleg afföll verða ekki af völdum riðuveiki fyrr en a.m.k. 2 árum liðnum frá því að veikinnar varð fyrst vart (4. mynd, Tafla 2).

Nokkrir sauðfjáreigendur hafa bent á að riðuveikum kindum virðist í sumum tilfellum geta batnað um lengri eða skemmri tíma, þ.e. að allra fyrstu einkenni riðuveiki, sem gjarnan koma fram undir vor, eða fyrir sauðburð hafa horfið að sumri og kindin virst alheilbrigð að sjá að hausti (sjá bls. 27).

Vísbendingar hafa komið fram um að riðusmitaðar kindur en ekki sjáanlega veikar, geti smitað út frá sér (sjá nánar við Geitavík 2, Hofströnd, Merki, Framnes og Hólaland 1979, hér að framan).

Þar sem afföll af völdum riðuveiki hafa verið minnst í Borgarfirði, þ.e. í Höfn (4. mynd), eru sauðkindur einu húsdýr sem til eru á bænum.

Riðuveiki virðist ekki vera bráðsmitandi í sumarhögum. Samgangur fjár frá Borgarfirði eystra og af Héraði í Loðmundarfirði (sjá bls. 6) virðist enn ekki hafa valdið riðuveiki á Héraði, eftir því sem best er vitað. Sama má segja um samgang fjár úr Norðfjarðarhreppi og Helgustaðahreppi, en fé úr þessum hreppum gengur í sömu sumarhögum. Riðuveiki var staðfest á öllum bæjum á Norðfirði nema innsta og ysta bæ vorið 1980, en hvergi í Helgustaðabyggð.

Ekki reyndist unnt að sjá samband milli utanaðkomandi þátta s.s. meðferðar sauðfjár, hirðingarforms, annarra sjúkdóma, óþrifa annars vegar og riðuveiki hins vegar.

Vísbendingar, sem kannaðar verða nánar liggja fyrir um að mismikil afföll af völdum riðuveiki milli bæja megi að einhverju marki rekja til erfðavísasamsetningar hverrar hjarðar eða m.ö.o. hlutfall riðunæmra einstaklinga virðist mismunandi milli hjarða. Sama gildir innan hjarða þar sem ákveðnar ættir reynast næmari fyrir riðuveiki en aðrar, sbr. Töflu 3.

Skýrsla þessi er samin úr upplýsingum sem höfundur aflaði með viðtölum og bréfaskriftum við eftirtalda aðila:

Heimilisfólkið	Odda	Borgarfirði eystra
"	Grund 2	"
"	Sólbakka	"
"	Svalbarði	"
"	Hvannstöði	"
"	Hátúni	"
"	Geitavík 2	"
"	Höfn	"
"	Geitavík 1	"
"	Gilsárvellir 3	"
"	Árgarði	"
"	Hofströnd	"
"	Framnesi	"
"	Ósi	"
"	Hól	"
"	Merki	"
"	Snotrunesi 1	"
"	Desjamýri	"
"	Jökulsá	"
"	Snotrunesi 2	"
"	Borg, Njarðvík	"
"	Felli, Breiðdalshreppi	
"	Gilsárteigi, Eiðahreppi	
"	Neðra Miðbæ, Norðfjarðarhreppi	

Jón Björnsson frá Geitavík 2, Borgarholtsbraut 70, Kóp.

Hákon Hansson, dýralækni, Breiðdalsvík

Jón Pétursson, dýralækni, Egilsstöðum

Pál Sigbjörnsson, ráðunaut, Egilsstöðum

Karl Ágústsson, Litla-Garði, Akureyri

Hrólf Jóhannesson, Sauðárkróki

Hjört Þórarinnsson, Tjörn, Svarfaðardal

Fóðurbirgðaskýrslur


Riðuskýrslur hjá Sauðfjarveikivörnum


Búnaðarritið

Sveitir og jarðir í Múlaþingi 1 -4. bindi

Ýmis skjöl hjá Sauðfjarveikivörnum.

1. Mynd. Uppdráttur af Borgarfirði
eystra og Loðmundarfirði.





2.mynd. Flakk einstakra kinda frá Loðmundarfirði og Borgarfirði eystra. Hver ör táknar einn einstakling. Ártal er við hvert tilfalli. Breiðar örvar í Hjaltastaða-, Eiða- og Seyðisfjarðarhreppum tákna árvissar heimtur á Borgarfjarðarfé í áðurgreindum hreppum.


3.mynd Vfirlit um smitferil riðuveiki milli bæja (hjarða) í Borgarfirði eystra. Einnig er getið tveggja bæja utan Borgarfjarðarhrepps. Bæjum er raðað í tímaröð eftir. Því hvenær riðuveiki varð fyrst vart. Skýringa á fyrstu tilfellum riðuveiki á hverjum bæ er að leita á bls. 14-45.

Bær A → Bær B


Merkir að fyrsta (eða fyrstu) þekktu riðuveiku kindur í hjörð B eru aðfengnar úr riðusmitaðri hjörð A (aðkeypt fé, fóorafé, gjafakindur). Smitun hjarðar B rakin til samvistar með þessu aðfengna, smitaða fé. Á bæjunum Hól, Merki, Jökulsá og Framnesi hafa smitaðar kindur verið fengnar úr fleiri en einni hjörð og riðuveiki því rakin úr nokkrum áttum að áður nefndum bæjum.

Oddi →

Bær - - - - - ↑



4. Mynd. Hegðan riðuveiki í einstökum hjörðum á Borgarfirði eystra. Myndin sýnir hlutfall (%) riðuveikra kinda af heildarfjölda fullorðins fjár (1.v. og eldra)/ári á hverjum bæ frá upphafi til ársloka 1979. Neðst t.h. er getið 4 hjarða sem riðuveiki kom fram í veturinn 1980. Getið er fjölda riðukinda/ári í hverri hjörð og svigi um tölurnar táknað að fjöldi sé óviss eða óþekktur. Nánari skýringar bls. 45-47.



Tafla 1. Heimili með búrekstur í Borgarfirði eystra og fjöldi búpenings, skv. fódurbirgðaskýrslum 1978 og 1979. Getið er hvenær riðuveiki varð fyrst vart. X merkir að Karl Skírnisson safnaði upplýsingum um viðkomandi hjörð.

Bæir í Borg- arfj.hreppi	Abúandi		Riða fyrst þekkt	Fjárfjöldi:		Fjöldi annars búpenings		Ath.semndi	
				1978 / 1979	1979 / 1980	Nautg. 79 80	Hestar 79 80		Endur 79 80
Gilsárvöllur 1	Þorleifur Jónsson	-	?	0	0				
Oddi	Guðlaugur Björgvinsson	X	1969	52	30	1	2	10	70
Grund 2	Hannes Árnason	X	1972	371	255	2	2		7
Gilsárvöllur 2	Jón Ólafsson	-	1972	124	96				12
Sólbakki	Jón Sigurðsson	X	1973	95	84				
Svalbarð	Ásgeir Arngrímsson	X	1974	405	374				
Hvannstöð	Sveinn Bjarnason og synir	X	1973	520	452	1	2	3	5
Hátún	Magnús Þorsteinsson	X	1973	31	0				
Ceitavík 2	Björn Jónsson	X	1974	92	67	3	1	13	10
Höfn	Magnús Þorsteinsson	X	1974	219	201				
Geitavík 1	Daníel Pálsson	X	1975	99	80	3	2		16
Gilsárvöllur 3	Björn Jónsson	X	(1975)?	141	134				
Árgarður	Skúli Kristinsson	X	1975	72	87				
Hofströnd	Ingibjörg Kristinsson	X	1976	302	255				
Framnes	Skúli Andrésson	X	1976	245	177	2	2		6
Ós	Guðmundur Jóhannsson	X	1976	244	217				
Hóll	Guðmundur Sveinsson	X	1977	393	362	1	2	15	10
Grund 1	Aðalsteinn Sveinsson	-	1977	173	143				
Merki	Jón Þ. Sigursteinsson	X	1978	105	96				
Snotrunes 1	Pétur Eiríðsson	X	1978	289	248	2	1	3	20
Desjamýri	Sigmar Ingvarsson	X	1978	352	285	3	3	6	10
Jökulsá	Þorsteinn Kristjánsson	X	1979	299	237				
Hólaland	Rúnar Halldórss. Anton Þorsteins.	X	1979	306	0	2		4	70
Skriðuból	Svavar Björnsson	-	1980	16	22			2	130
Sábakki	Ásgrímur Bjargsteinsson	-	1980	14	10				
Snotrunes 2	Hjalti Pétursson	-	1980	256	253				
Brautarholt	Björn Ólafsson	-	(1980)	32	0	1	1		
Sólheimar	Georg Marteinsson	-		26	0				
Sigtún	Árni Sveinsson	-		26	24			3	
Árbær	Helgi Eyjólfsson	-		30	21	1			
Borg	Sigurður Bóason	X		315	284	2	3		12
Bakkagerðisþorp		-		-				8	10
Alls fjöldi:			5644	4494		24	21	75	230
								78	168

hætti búsk.

hættu búsk.

hætti búsk.

hætti búsk.

Tafla III.

Samanburður á afföllum af völdum riðuveiki í kindum undan *Kóngi* og *Pokka*, sem eru hrútar sem notaðir voru í Hvannstóði í Borgarfirði eystra á árunum 1969-76.

		1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	Alls	Vegið meðaltal,
<u>Pokki</u>	Fjöldi ásettra lamba	-	4	2	10	5	7	6	-	34	
	Þar af fengið riðuveiki í jan 1980	-	0	1	6	0	1	1	-	9	
	Hlutfall	-	0	50	60	0	14,3	16,7	-		24%
<i>Kóngur</i>	Fjöldi ásettra lamba	5	9	4	3	3	6	7	20	57	
	Þar af fengið riðuveiki í jan 1980	0	0	0	0	0	0	1*	3**	4	
	Hlutfall	0	0	0	0	0	0	14,3	15,0		7%

* Systurdóttir Pokka

** 2 eru dótturdætur Pokka
1 er dóttur-dóttur-dóttir Pokka

Allar ær undan *Kóngi* sem fengið hafa riðu, eru skyldar Pokka í móðurætt.

Tafla IV. Yfirlit um smitleið riðuveiki í þær 32 hjarðir, sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Nafn bæjar, hreppur	Smitun hjarðar rakin til riðu- smitaðs aðfengins fjár, (eða þekkt samgangs 2)).	Smitleið óþekkt	Smitleið óviss, en vísbendingar um að smitun megi rekja til aðfenginna smitaðra kindra.	
(Gilsárvöllur 1 (Borgarfjarðarhr.))		X		
Oddi "	X			
Grund 2 "	X			
Gilsárvöllur 2 "		X		
Gilsárvöllur 3 "			X	
Sólbakki "	X			
Hátún "	X 2)			
Hvannstöð "	X 1)	X		
Hóll (1973) "		X		
Höfn "	X 2)			
Geitavík 2 "	X			
Árgarður "	X 1)	X		
Svalbarð "	X 1)		X	
Geitavík 1 "		X		
Hofströnd "	X			
Framnes "	X			
Ós "			X	
Hóll (1977) "	X			
Merki "	X			
Grund 1 "		X		
Snotrunes 1 "			X	
Desjamýri "			X	
Hólaland A.D. 1979 "	X			
Hólaland R.H. 1979 "	X			
Jökulsá "	X			
Skriðuból "	X			
Brautarholt "	X			
Snotrunes 2 "	X			
Sæbakki "	X 2)			
Hólaland (1971)? "	X			
Gilsárteigur, Eiðahreppi (Fell, Breiðdalshreppi)?	X		X	
Alls	22	5 (7)	5 (6)	32

- 1) Smitleið í hluta hjarðarinnar þekkt en skýrir ekki smitun allrar hjarðarinnar.
- 2) Þekktur samgangur við riðuveikt fé er talinn var leiða til smitunar.

UPPLÝSINGAR UM KIND MEÐ RIÐUVEIKI.

Eigandi: _____ Heimili: _____
Dags.: _____ / _____ 19 _____ Hreppur: _____
Nafn, nr.: _____ Fæðingarár: _____
Einkenni: _____ Vart riðueink.: _____
Mark.: H. _____ V. _____ Aldur v. förgun: _____
Faðir: _____
Móðir: _____
Afkvæmi: Farin úr riðu _____
Lifandi _____
Skyldleiki við annað riðusjúkt fé: (Systkyn að f/m) _____

Hafði kind fengið aðra sjúkdóma: _____
Var riðuveiki staðfest (m.vefjaskoðun/eftirlitsmönnum): _____
Hvernig telur bóndi þessa kind hafa smitast af riðu? _____

Uppruni: (keypt, gefin, heimaalin): _____
Dvalarstaðir: _____
Hagaganga: _____
Komið hvar fyrir: _____
Réttir: _____
Nánar: _____

UPPLÝSINGAR UM KIND MEÐ EINKENNI UM RIÐUVEIKI (Sýnishorn af út
fylltu eyðublað)

Nafn og nr: Brá Aldur(f.ár) "75 Móðir: Tíbrá'71 Faðir: Orrí 74-148

Litur: hvít hornalag, önnur auðk: hyrnt

Mark, merki Hægra... Mark: hvatt Merki: Brm:
Brennimark Vinstra: Mark: sýlt biti a. " : " :

Uppruni, dvalarstaðir (hvenær og hve lengi á hverjum stað):

heimaalin

Afkvæmi og afkomendur (hvað til, hvar niður komið?):

Ein ær fædd 1976.

Annað náskyld:

Móðir drapst úr riðu í maí 1978 og systir Tíbrár voríð 1976.

Einkenni riðuveiki, sem dómur er byggður á (hve lengi hvert einkenni?):

Mikill kláði og nudduð á haus. Um 1 vika.

Holdafar: allgott Skoðuð: / 19... / 19... / 19...

Eigandi, heimili: Sveinn Bjarnason Sími: 2903

Hvannstóði Borgarfirði eystra Póstnr: 720

Upplýs. um kindina gefur: eigandi
(eigandi, eða annar).....

Kindinni Lógað: 17/4 . 1979 hvernig? skotin klukkan:

Líffærasýni send: / 19 (Hvað tekið frá?:)

Staður, dags: Hvannstóði 17/4 1979

Skýrslu tók: Þorsteinn Kristjánsson (sign) Sveinn Bjarnason (sign)
Páll Sveinsson (sign) Undirskrift eiganda/umráðamanns

Aths. dýralæknis (skoðun, krufning o.fl.)

Innfært K.Bl. (sign)

Rannsókn, nr: Vefjaskoðun: Greining: Batur:
Skrifið hiklaust aftan á blaðið, ef þörf krefur (á móti viðkomandi dálki) —